ÁRSSKÝRSLA VINNUEFTIRLITSINS

fyrir árið 2015

VINNUEFTIRLITIÐ

FRUMKVÆÐI • FORVARNIR • FAGMENNSKA

2015

ÁRSSKÝRSLA VINNUEFTIRLITSINS

fyrir árið 2015

VINNUEFTIRLITIÐ

2016

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT

Inngangur 3
Skipurit 4
Stjórn Vinnueftirlitsins 6
Fjármál 7
Starfsmenn 9
Reglugerðir, umsagnir um þingmál o.fl. 12
Þróunarstarf 13
Eftirlitsstarfið 14
Eftirlit með vinnuvélum og tækjum 18
Fyrirtækjaheimsóknir og rannsókn vinnuslysa 20
Atvinnusjúkdómar og vinnuslys 26
Fræðslu og upplýsingastarf 35
Átaksverkefni 39
Samstarf Vinnueftirlitsins við ýmsar stofnanir o.fl. 42

Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2015 - Netútgáfa
Ritstjóri: Inghildur Einarsdóttir
Ábyrgðarmaður: Eyjólfur Sæmundsson
Útlit og frágangur: Prentsmiðjan Oddi
Vinnueftirlitið 2015
Forsíðumyndin: Eyjólfur Sæmundsson forstjóri afhendir Eygló Harðardóttur ráðherra blómvönd á ráðstefnu vinnuverndarvikunnar 2016

INNGANGUR

Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri Vinnueftirlitsins

Í inngangi síðustu ársskýrslu gerði ég að umtalsefni samfélagslegt mikilvægi vinnuverndar, þar á meðal hversu mikilvægt það er að fólk endist á vinnumarkaði þegar árin færast yfir og þótt eitthvað bjáti á heilsufarslega. Mikilvægi þessa eykst enn nú þegar rætt er um að hækka lífeyrirsaldur í áföngum úr 67 í 70 ár.

En það þarf einnig að huga vel að því að atvinnulífið taki vel á móti ungu fólki og bjóði því öruggt og aðlaðandi vinnuumhverfi í víðum skilningi. Tryggja þarf að ungir einstaklingar fái störf sem hæfa menntun þeirra og þroska og fái fræðslu, þjálfun og stuðning til að komast vel inn í störfin sem þeir eru ráðnir í. Og ekki skiptir hvað síst máli að vinnufélagarnir taki vel á móti nýliðunum og auðveldi þeim að verða fljótt hluti hópsins.

Vinnumarkaðurinn er í örri þróun um þessar mundir og það hefur áhrif á vinnuumhverfið og stöðu einstaklingsins. Upplýsingatæknin er hér sterkt hreyfiafl, fjarvinna færist í vöxt, fólk vinnur heima hjá sér í auknum mæli og getur unnið að úrlausn viðfangsefna nánast hvar sem er með snjalltækjum. Skil milli einkalífs og vinnunnar verða þannig óljósari en áður. Í vöxt færist í nágrannalöndunum að alls kyns vinnu megi panta á netinu sem síðan er framkvæmd af einstaklingum sem eru á eigin vegum sem eins konar verktakar. Alþekkt er leigubílaþjónusta af þessu tagi og leiga á gistiaðstöðu sem kallar á tengda þjónustu. En fleira kemur til, í Bretlandi getur fólk t.d. aflað tilboða í hverskyns þjónustu við heimili sín á netinu, gera við þakið, slá garðinn o.m.fl. Tilboðsgjafar eru í vaxandi mæli einstaklingar sem bjóða lágt verð sem sérhæfð fyrirtæki geta ekki keppt við. Umræðan hefur snúist um skattskil slíkrar starfsemi en þarna er hætta á því að öryggi og önnur vinnuumhverfismál verði útundan.

Í nágrannalöndunum er nú mjög rætt um notkun krabbameinsvaldandi efna á vinnustöðum og öryggi við notkun þeirra. ESB undirbýr hertar reglur á þessu sviði og þær munu gilda hér einnig á grundvelli EES samningsins. Þó krabbamein af þessum völdum sé ekki stór hluti allra krabbameinstilfella þá er það þó þannig að þessi tilfelli má fyrirbyggja með forvörnum á vinnustöðum og þann róður vilja menn herða. Hér á landi er asbest örugglega stærsti áhættuþátturinn en nýleg rannsókn Kristins Tómassonar yfirlæknis Vinnueftirlitsins og samstarfsfólks leiddi í ljós að tíðni hins banvæna fleiðruþekjuæxlis (mesothelioma) fer enn vaxandi hjá okkur, en aðal orsakavaldur þess er asbest. Þó í gildi sé bann við notkun asbests og strangar reglur um vinnu við það vegna niðurrifs og viðhalds þarf enn að herða róðurinn.

Eyjólfur Sæmundsson
Forstjóri

SKIPURIT

Almenn vinnulöggjöf heyrir undir velferðarráðuneytið, sem fer með yfirstjórn þessa málaflokks en Vinnueftirlit ríkisins er undirstofnun ráðuneytisins og fer með framkvæmd einstakra málaflokka.

Ráðherrar velferðarráðuneytis eru tveir síðan 23. maí, 2013. Kristján Þór Júlíusson sem fer með heilbrigðismál og Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra en undir hana heyra málefni Vinnueftirlitsins. Skrifstorustjóri málefna um vinnuvernd er Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

Hér má sjá skipurit Vinnueftrilitsins.



Skýringar:
Heilu línurnar í skipuritinu tákna bein stjórnunartengsl en brotalínurnar faglegan stuðning.

EFTIRLITSSVÆÐI OG SVÆÐISSKRIFSTOFUR VINNUEFTIRLITSINS

Á kortinu má sjá skiptingu eftirlitssvæða Vinnueftirlitsins og staðsetningu skrifstofa. Upplýsingar um netföng og símanúmer er að finna á heimasíðu stofnunarinnar; www.vinnueftirlit.is



Suðvestursvæði:

Reykjavík
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík

Reykjanesbær
Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ

Akranes
Stillholt 18, 300 Akranes

Ísafjörður
Hafnarstræti 1 - 3, 400 Ísafjörður

Selfoss
Eyravegur 25, 800 Árborg

Norðursvæði:

Akureyri
Skipagata 14, 600 Akureyri

Sauðárkrókur
Faxatorg 1, 550 Sauðárkrókur

Húsavík
Útgarður 1, 640 Húsavík

Austursvæði:

Egilsstaðir 6, 700 Egilsstaðir
Kaupvangur 6, 700 Egilsstaðir

STJÓRN VINNUEFTIRLITSINS

Í stjórn Vinnueftirlitsins sitja 9 manns og var hún skipuð af ráðherra 1. september 2011 til fjögurra ára eða til 31. ágúst 2015. Skipar ráðherra formann stjórnarinnar án tilnefningar, aðilar vinnumarkaðarins tilnefna sjö menn og einn stjórnarmaður kemur frá fjármálaráðuneytinu. Tveir áheyrnarfulltrúar starfsmanna sitja einnig stjórnarfundi, annar úr hópi starfsmanna frá BHM sem var Guðmundur Þór Sigurðsson og hinn úr hópi starfsmanna frá SFR sem var Guðrún Tryggvadóttir.

Ný stjórn var skipuð í október 2015 til næstu fjögurra ára og eru nöfn þeirrar stjórnar í listanum að neðan.

Hlutverk stjórnar er skv. lögum að vera velferðarráðherra og forstjóra Vinnueftirlitsins til ráðgjafar í málum er tengjast vinnuvernd. Hún skal gera tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar, þ.á.m. um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða. Ráðherra og forstjóri skulu leita umsagnar stjórnarinnar við undirbúning að laga- og reglugerðarsetningu um vinnuverndarmál. Af þessu leiðir að starfsmenn Vinnueftirlitsins vinna iðulega að endurskoðun reglna og gera tillögur um breytingar til ráðherra. Stjórnin ber einnig ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegri stefnumótun Vinnueftirlitsins.

Stjórnarfundir eru að öllu jöfnu haldnir mánaðarlega – að frátöldum sumarmánuðunum. Haldnir voru 8 stjórnarfundir á árinu 2015.

Nöfn stjórnarmanna:

Samtök/Ráðuneyti	Fjöldi	Aðalmenn	Varamenn
Formaður	1	Margrét S. Björnsdóttir	Fjóla Hrund Björnsdóttir
Alþýðusamband Íslands	2	Björn Ágúst Sigurjónsson Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir	Rannveig Sigurðardóttir Halldór Grönvold
Bandalag háskólamanna	1	Erna Guðmundsdóttir	Georg Brynjarsson
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	1	Sverrir Björn Björnsson	Bryndís Theódórsdóttir
Samtök atvinnulífsins	2	Jón Rúnar Pálsson Kristín Þóra Harðardóttir	Bergþóra Halldórsdóttir Ragnar Árnason
Samband íslenskra sveitarfélaga	1	Sólveig B. Gunnarsdóttir	Valur Rafn Halldórsson
Fjármálaráðuneyti	1	Helgi Valberg Jensson	Sara Lind Guðbergsdóttir

FJÁRMÁL

Rekstrarreikningur 2015		
	2015	2014
Tekjur:		
Sértekjur	102.228.171	86.774.503
Markaðar tekjur	8.392.890	8.233.334
Aðrar rekstrartekjur	263.473.680	238.748.268
Tekjur samtals	**374.094.741**	**333.756.105**
Gjöld:		
Rekstrargjöld	697.693.749	625.772.173
Stofnkostnaður		
Gjöld samtals	**697.693.749**	**625.772.173**
Tekjur umfram gjöld	**-323.599.008**	**-292.016.068**
Framlag úr ríkissjóði	**331.700.000**	**294.100.100**
Tekjuafgangur /halli ársins	**8.100.992**	**2.083.932**
Efnahagsreikningur 31/12		
Eignir:		
Veltufjármuni:		
Viðskiptakröfur	38.223.548	41.219.806
Sjóðir og bankareikningar	15.046.107	160.419
Veltufjármunir samtals	**53.269.655**	**41.380.225**
Eignir samtals	**53.269.655**	**41.380.225**
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	-5.894.208	-7.978.140
Tekjujöfnun ársins	8.100.992	2.083.932
Eigið fé samtals	**2.206.784**	**-5.894.208**
Langtímaskuldir	.	
Tekin löng lán	32.897	184.057
Langtímaskuldir samtals	**32.897**	**184.057**
Skammtímaskuldir:		
Skuld við ríkissjóð	36.176.630	35.865.686
Viðskiptaskuldir	14.854.344	11.224.690
Skammtímaskuldir samtals	**51.029.974**	**47.090.376**
Eigið fé og skuldir samtals	**53.269.655**	**41.380.225**

Ýmsar tölulegar upplýsingar	2015	2014	2013	2012	2011
Starfsmenn samtals 31. desember	61	63	64	64	61
Ársverk dagvinnu	61,38	60,92	62,3	62,6	62,3
Ársverk yfirvinnu	4,38	4,66	4,4	4,3	5,4
Samtals ársverk	65,76	65,58	66,7	67,0	67,7
Starfsmannavelta: fastir starfsm sem hætta af heildarfjölda starfsmanna	6,45%	3,20%	4,7%	3%	4,9%
Konur alls	19	20	21	22	21
Karlar alls	42	43	43	42	40
Hlutfall kvenna af heild	31%	32%	33%	34%	34%
Fjöldi starfsmanna í Reykjavík	41	41	42	44	41
Fjöldi starfsmanna utan höfuðborgarsvæðisins	20	22	22	23	20
Fjöldi eftirlitsmanna í Reykjavík (stjórnendur og fulltrúar ekki taldir með)	14	13	13	14	12
Fjöldi eftirlitsmanna utan höfuðborgarsvæðisins, umdæmisstjórar eru meðtaldir	15	16	15	16	13
Hlutfall eftirlitsmanna af heildarfjölda starfsmanna	46%	45%	43%	47%	41%
Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna af heild	34%	41%	38%	38%	34%
Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn	33%	33%	33%	33%	33%
Hlutfall kvenna sem svæðisstjórar	0%		0%	0%	0,1%
Veikindi eru hér talin í virkum vinnudögum:					
Skammtímaveikindi (dagar)	473,5	374,84	396	369	336
Skammtímaveikindi pr. starfsmann (dagar)	6,7	5,52	6,4	5,9	5,4
Langtímaveikindi (dagar)	262	302,66	374	291	204
Langtímaveikindi pr. starfsmann (dagar)	4,3	4,8	6,0	4,6	3,3
Orlofsskuldbinding í mánuðum	93		91,5	90,5	86,9

STARFSMENN VINNUEFTIRLITSINS OG STARFSHEITI ÞEIRRA FLOKKUÐ EFTIR DEILDUM OG SVÆÐUM 31/12/15

Starfsmenn Vinnueftirlitsins 31/12/15	
YFIRSTJÓRN	
Eyjólfur Sæmundsson	forstjóri
Aðalskrifstofa	
Albina Morina	fulltrúi
Ingibjörg Baldursdóttir	deildarstjóri reksturs og þjónustu
Sigrún Guðný Arndal	aðalbókari
Vala Björk Þórhallsdóttir	innkaupastjóri
Vilhjálmur Kári Haraldsson	mannauðs- og gæðastjóri
Lögfræðingur	
Björn Þ. Rögnvaldsson	lögfræðingur
Þróun hugbúnaðar	
Pétur Jónasson	verkefnastjóri
Sverrir Gunnlaugsson	verkefnastjóri
SÉRFRÆÐIDEILDIR Í REYKJAVÍK	
Tæknideild	
Ágúst Ágústsson	deildarstjóri
Fræðsludeild	
Guðmundur Ingi Kjerúlf	aðstoðardeildarstjóri
Guðmundur Þór Sigurðsson	verkefnastjóri
Inghildur Einarsdóttir	deildarstjóri
Efna- og hollustuháttadeild	
Friðrik Daníelsson	verkefnastjóri
Jóhannes Helgason	verkefnastjóri
Sigurður Karlsson	aðstoðardeildarstjóri
Víðir Kristjánsson	deildarstjóri
Rannsókna- og heilbrigðisdeild	
Ásta Snorradóttir	fagstjóri
Ingibjörg Þ. Marteinsdóttir	fulltrúi
Kristín Þóra Kristjánsdóttir	fulltrúi
Kristinn Tómasson	yfirlæknir og deildarstjóri
EFTIRLITSDEILDIR	
Þróunar- og eftirlitsdeild - Reykjavík	
Leifur Gústafsson	fagstjóri
Sigfús Jón Sigurðsson	aðstoðardeildarstjóri
Þórunn Sveinsdóttir	deildarstjóri

Hópur núverandi og fyrrverandi starfsmanna í ferð inn á hálendið.

Vinnuvéladeild - Reykjavík	
Georg Árnason	eftirlitsmaður
Guðjón Magni Einarsson	eftirlitsmaður
Guðrún Tryggvadóttir	fulltrúi
Hannes Sigurgeirsson	eftirlitsmaður
Ingvi Ágústsson	eftirlitsmaður
Ívar Ívarsson	eftirlitsmaður
Magnús Guðmundsson	deildarstjóri
Stefán S. Sigurðsson	eftirlitsmaður
Steinar Helgason	eftirlitsmaður
Vestursvæði - Reykjavík	
Björn S Pálsson	eftirlitsmaður
Fríða María Ólafsdóttir	eftirlitsmaður
Gróa Hafdís Ágústsdóttir	eftirlitsmaður
Hafdís S. Sverrisdóttir	eftirlitsmaður
Hannes Friðriksson	eftirlitsmaður
Róbert Á. Róbertsson	eftirlitsmaður
Sigurður Sigurðsson	svæðisstjóri
Vestursvæði - Akranes	
Guðjón Sólmundarson	eftirlitsmaður
Vestursvæði - Ísafjörður	
Jón Smári Valdimarsson	eftirlitsmaður

Vestursvæði - Reykjanesbæ	
Margrét Sigurðardóttir	fulltrúi
Ingibjörn Sigurðsson	eftirlitsmaður
Norðursvæði - Sauðárkróki	
Jón Aðalsteinn Snæbjörnsson	eftirlitsmaður
Sólveig B. Fjólmundsdóttir	fulltrúi
Norðursvæði - Akureyri/Húsavík	
Hannes Haraldsson	eftirlitsmaður
Ingvar Karlsson	eftirlitsmaður
Magnús Hermannsson	eftirlitsmaður
Sigrún Jóna Daðadóttir	fulltrúi
Sigurgeir Ágúst Stefánsson	svæðisstjóri
Valgeir Hauksson	eftirlitsmaður
Austursvæði - Egilsstöðum	
Ingvar Hrólfsson	eftirlitsmaður
Jónas Jóhannsson	eftirlitsmaður
Sveinbjörg Ólafsdóttir	fulltrúi
Þorvaldur P. Hjarðar	svæðisstjóri
Suðursvæði - Selfoss	
Gísli R. Sveinsson	svæðisstjóri
Hannes Snorrason	eftirlitsmaður
Harpa Í. Ólafsdóttir	fulltrúi
Karl Þór Hreggviðsson	eftirlitsmaður
Örn Gunnþórsson	eftirlitsmaður

Bleiki dagurinn. Starfsmenn klæddust bleiku 23. október til að sýna samstöðu með forvörnum gegn krabbameini hjá konum

REGLUGERÐIR, UMSAGNIR UM ÞINGMÁL O.FL.

Vinnueftirlitið vinnur í samstarfi við velferðaráðuneytið að gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig vinnur Vinnueftirlitið að drögum að reglugerðum í samstarfi við stjórn Vinnueftirlitsins. Stofnunni berast á hverju ári beiðnir um umsagnir um ýmis þingmál, reglugerðardrög eða staðla sem snerta starfsemi Vinnueftirlitsins. Koma slíkar beiðnir oftast frá Alþingi en einnig frá ýmsum ráðuneytum, stofnununum og Staðlaráði Íslands.

Á árinu tók gildi:

- Lög nr. 80/2015 um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg aðstoð)
- Reglugerð nr. 151/2015 um vélknúinn leiktæki
- Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

Vinnueftirlitið vann að drögum að eftirfarandi reglugerðum:

- Endurskoðun á reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð
- Reglugerðar um notkun þrýstibúnaðar sem mun leysa af hólmi reglugerð nr. 10/1929 um eftirlit með vélum og verksmiðjum og reglugerð nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum
- Reglugerð um skráningu og skoðun bílalyftna
- Reglugerð um skráningu, rekstur og eftirlit með togbrautarbúnaði til fólkflutninga
- Reglugerð um skilyrði fyrir heimild einstaklinga til að starfa við uppsetningu og niðurtöku röraverkpalla og verulegar breytingar á uppsettum röraverkpöllum

Á árinu veitti Vinnueftirlitið umsagnir um eftirfarandi þingmál:

- Frumvarp til laga um breytingar á efnalögum

ÞRÓUNARSTARF

Vinnuumhverfisvísar – til að greina áhættuþætti í vinnuumhverfinu

Vinnuumhverfisvísar starfsgreina og gátlistar á heimasíðu Vinnueftirlitsins eru gagnlegir fyrirtækjum í eigin vinnuverndarstarfi við að greina áhættuþætti í vinnuumhverfinu. Þeir eru jafnframt notaðir af eftirlitsmönnum stofnunarinnar til að tryggja samræmt og heildstætt fyrirtækjaeftirlit. Tveir vinnuumhverfisvísar voru endurskoðaðir á árinu 2015, þ.e. vísar fyrir byggingariðnað og verslanir. Hér að neðan að finna heildstæðan lista yfir þá vísa sem nú eru heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Vinnuumhverfisvísar starfsgreina á heimasíðu Vinnueftirlitsins (2016).

Vinnuumhverfisvísar - www.vinnueftirlit.is

- Bakarí (2010)
- Bifreiðaverkstæði (2014)
- Byggingaiðnaður (2015)
- Dráttarbrautir, skipalyftur og flotkvíar (2009)
- Efnaiðnaður (2011)
- Fiskimjölsverksmiðjur (2014)
- Fiskvinnslustöðvar (2013)
- Fólksflutningar (2013)
- Hárgreiðslu- og snyrtistofur (2006)
- Heilsugæsla og heilsumeðferð á stofum (2010)
- Hjúkrunarheimili, heimahjúkrun/-þjónusta, sambýli og þjónustuíbúðir (2010)
- Hótel og gististaðir (2010)
- Jarðgangagerð (2009)
- Jarðefnanámur (2012)
- Landbúnaður - vinnuumhverfisvísir (2014)
- Landbúnaður - Gátlisti fyrir dráttarvélar og búvélar (2007)
- Leikskólar (2009)
- Lögregla-sjúkra-slökkvilið (2011)
- Málmsmíði (2009)
- Málmvinnsla (2009)
- Orkuver og dreifikerfi (2014)
- Prentiðnaður (2013)
- Rafverktakar og rafmagnsverkstæði (2010)
- Ræstingar - Hreingerningar (2009)
- Sjúkrahús (2010)
- Skógrækt og garðyrkja (2010)
- Skógarhögg og garðyrkja – gátlisti öryggivéla (2010)
- Skólar (2009)
- Skrifstofur (2009)
- Sláturhús og kjötvinnsla (2006)
- Sorphirða - sorpmóttökustöðvar - endurvinnsla (2010)
- Steypustöðvar og steypuiðnaður (2010)
- Trésmíðaverkstæði (2009)
- Vefjariðnaður (2010)
- Vega- og brúargerð (2010)
- Veitingahús og mötuneyti (2006)
- Verslanir (2015)
- Vöruflutningar-dreifing og vörugeymslur (2009)
- Þvottahús og fatahreinsanir (2006)
- Ýmis matvælaiðnaður (2006)

Áhættumat og forvarnir

Á árinu 2015 var haldið áfram vinnu við að þýða og staðfæra rafrænt gagnvirkt áhættumat, OiRA (Online interactive Risk Assessment), sem er þróað á vegum Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar í Bilbao á Spáni. Á árinu 2015 var lokið við gerð tveggja rafrænna verkfæra, þ.e. fyrir skrifstofur og veitingahús/mötuneyti. Er um að ræða öflug og einföld verkfæri til að gera áhættumat starfa. Á árinu 2016 er væntanlegt áhættumat fyrir hárgreiðslustofur. Má á næstu árum vænta verkfæra fyrir fleiri starfsgreinar. Rafrænu verkfærin hafa fengið góðar móttökur notenda og birtist m.a. í því að hinu rafræna áhættumati hefur verið beitt sem aðferð í tæplega 300 skipti undangengna 12 mánuði hérlendis.

Þróun verklags

Fyrirtækjaeftirlit stofnunarinnar byggir á gæðahandbók. Á árinu 2015 tóku nýjar verklagsreglur um eftirlit með bygginga- og mannvirkjagerð gildi ásamt því að verklagsreglur um umsagnir vegna rekstrarleyfa veitinga- og gististaða voru endurskoðaðar.

EFTIRLITSSTARFIÐ

Eftirlitsstarfi Vinnueftirlitsins er skipt í eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í fyrirtækjum, stofnunum, við bygginga- og mannvirkjagerð og í landbúnaði, gjaldskyldar skoðanir vinnuvéla og tækja, markaðseftirlit, umsagnir og leyfisveitingar stofnunarinnar.

Fyrirtækjaeftirlit

Eftirlitsaðferðir og flokkun fyrirtækja

Samkvæmt skipulagi Vinnueftirlitsins eiga fyrirtæki með *30 starfsmenn eða fleiri* að vera í svokölluðu *aðlöguðu eftirliti*. Í vissum tilvikum hafa fyrirtæki með færri en 30 starfsmenn einnig verið skoðuð samkvæmt þessari aðferð. Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig þau fyrirtæki sem komin eru í aðlagað eftirlit hafa flokkast fram að þessu. Flokkunin ræðst annars vegar af skipulagi vinnuverndarstarfs hjá viðkomandi fyrirtæki og hins vegar af mati á vinnuaðstæðum með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna. Hefur flokkunin áhrif á hversu oft fyrirtæki er skoðað af eftirlitsmanni. Fyrirtæki í 1. og 2. flokki á að heimsækja á fjögra til sex ára fresti en fyrirtæki í 3. flokki sem hafa ekki fullnægjandi tök á vinnuverndarmálum á að heimsækja annað hvert ár.

Fyrirtæki með *færri en 30 starfsmenn* eru flest í svokölluðu reglubundnu eftirliti og ræðst þá skoðanatíðnin af áhættu starfsgreinarinnar. Er leitast við að heimsækja þau á tveggja til sex ára fresti, sjá töflu.

Aðrir þættir svo sem kvartanir starfsmanna, slys og óhöpp, átaksverkefni í starfsgreinum og eftirfylgni við nýjar reglugerðir hafa einnig áhrif á það hvaða vinnustaðir eru heimsóttir.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og flokkun fyrirtækja og útibúa í aðlöguðu og reglubundnu eftirliti.

Fjöldi fyrirtækja með útibúum í fyrirtækjaskrá Vinnueftirlitsins skipt í flokka eftir eftirlitsaðferð og áhættu

Skráð fyrirtæki með útibúum eftir áhættuflokkum	**Skráð 31.12. 2011**	**Skráð 31.12. 2012**	**Skráð 31.12. 2013**	**Skráð 31.12. 2014**	**Skráð 31.12. 2015**
Aðlagað eftirlit (viðmið: fyrirtæki með ≥30 starfmenn) *Frammistaða fyrirtækis ræður flokkun*					
1. flokkur, skoðun sjötta hvert ár	138	158	193	261	217
2. flokkur, skoðun fjórða hvert ár	95	127	125	131	129
3. flokkur, skoðun annað hvert ár	208	223	248	218	268
Samtals	**441**	**508**	**566**	**610**	**614**
Reglubundið eftirlit (viðmið: fyrirt. með 1-29 starfsm.) *Áhætta í starfsgrein ræður flokkun*					
0. flokkur, skoðun árlega (ekkert fyrirt. sjálfkrafa hér)				1	1
1. flokkur , skoðun annað hvert ár	3.139	2.986	2.859	2.753	2.796
2. flokkur, skoðun fjórða hvert ár	2.699	3.000	3.242	3.438	3.634
3. flokkur, skoðun sjötta hvert ár	3.477	3.639	3.866	4.105	4.317
4. flokkur, óreglubundin skoðun	1.867	1.885	1.892	1.939	1.901
Samtals	**11.182**	**11.510**	**11.859**	**12.236**	**12.649**
Samtals fyrirtæki/útibú	**11.623**	**12.018**	**12.425**	**12.846**	**13.263**

Skráðum fyrirtækjum og útibúum hefur fjölgað um rúmlega 400 miðað við árslok 2014. Fjöldi fyrirtækja í aðlöguðu eftirliti er nánast óbreyttur milli ára. Stofnunin hefur nú til skoðunar skipulag og aðferðir eftirlitsins og má vænta breytinga á því á næsta ári.

Forvarnaraðgerðir á landsvísu - dreifibréf

Mikilvægt markmið í stefnu og starfi Vinnueftirlitsins er fækkun vinnuslysa og atvinnutengds heilsutjóns. Markvisst er unnið að þessu hjá stofnuninni. Sérstaklega er vert að benda á eftirfarandi forvarnaraðgerðir tengdar eftirliti á árinu 2015:

- ***Hættulegar vélar og tæki í fiskvinnslu***

Vegna fjölgunar slysa í fiskvinnslu, oftast tengt vélum og tækjum, fór Vinnueftirlitið í eftirlitsátak haustið 2013. Send voru bréf til um 200 fiskvinnslufyrirtækja með upplýsingum um ástandið í greininni og gátlista til að þau gætu farið yfir vinnuumhverfið og brugðist við þar sem úrbóta var þörf. Í framhaldinu voru 109 fiskvinnslufyrirtæki heimsótt og gefin 394 fyrirmæli um úrbætur. Ljóst var í ársbyrjun 2015 að átakið hafði ekki skilað þeim árangri sem vænst var og var því ákveðið að vara í nýtt átak með öðru sniði. Farið var í færri fyrirtæki og sjónum fyrst og fremst beint að vélum og tækjum, sem voru skoðuð ítarlega. Niðurstaða þessarra heimsókna var að grundvallar öryggisbúnaður véla og tækja var allt of oft ekki í lagi. Því var sent út annað dreifibréf til fiskvinnslufyrirtækja í júní 2015, þar sem gerð var grein fyrir þessum niðurstöðum en jafnframt leitast við að leiðbeina þeim með því að senda myndir með dæmum um algeng vandamál og góðar lausnir. Fyrirtækjunum var gert ljóst að heimsóknum yrði haldið áfram og vinna yrði undantekningalaust stöðvuð ef öryggisbúnaður véla og tækja reyndist ekki í lagi. Átaksverkefninu er ekki lokið en þess vænst að vakning hafi orðið í greininni sem leiði til færri vinnuslysa.

Haustið 2015 var sent út þriðja dreifibréfið til forsvarsmanna fiskvinnslufyrirtækja þar sem vakin var athygli á slysahættu við svokallaða Oddgeirs-hausara. Greint var frá því að Vinnueftirlitið hefði þegar bannað notkun nokkurra slíkra hausara og að eftirlitsmenn stofnunarinnar mundu banna þá eða aðrar vélar sem ekki uppfylla lágmarkskröfur um öryggi. Var því beint til atvinnurekenda sem nota Oddgeirshausara að grípa til ráðstafana til að tryggja öryggi starfsfólks eða hætta notkun vélanna.

- ***Öryggismál við bygginga- og mannvirkjagerð***

Uppsveifla í bygginga- og mannvirkjagerð hófst aftur á árinu 2015 eftir mikla lægð frá árinu 2008. Vinnueftirlitið sendi því dreifibréf í júlí 2015 til verktaka og verkkaupa og annarra hagsmunaaðila þar sem brýnt var fyrir þeim að huga vel að vinnuverndarmálum, ekki síst öryggismálum. Greint var frá hertu verklagi Vinnueftirlitsins í eftirliti. Brot á lögum og reglum gætu leitt til þess að öll vinna á verkstað yrði stöðvuð án fyrirvara eða að gripið yrði til annarra þvingunaraðgerða þar sem öryggisatriðum væri áfátt og stjórnun vinnuverndarstarfs ófullnægjandi. Gerð var sérstaklega grein fyrir skyldum verkkaupa og þeir sem og verktakar hvattir til að tryggja að öryggismál allra starfsmanna væru í góðu lagi á þeirra vinnustöðum.

Geta má þess að Vinnueftirlitið hefur þessu tengt haldið fundi með stórum opinberum verkkaupum til að ræða skyldur þeirra og ábyrgð varðandi öryggismál. Hafa þeir fundir verið upplýsandi og gagnlegir.

Þegar litið er til ársins 2015 kemur í ljós að þvingunaraðgerðum í byggingariðnaði fjölgaði verulega á því ári, en þeim var beitt í 68 skipti miðað við 36 skipti árið 2014. Má væntanlega að mestu rekja fjölgunina til herts verklags Vinnueftirlitsins en er um leið áskorun og hvatning til allra sem starfa í byggingariðnaði að taka öryggismál fastari tökum en nú er gert.

- ***Vinnuaðstæður á veitinga- og gististöðum***

Mikill vöxtur er í ferðaþjónustu og mannaflaþörf aukist því samfara. Í tilefni þess sendi Vinnueftirlitið dreifibréf í júlí 2015 til veitinga- og gististaða og annarra sem málið varðar til að vekja athygli á þeim ákvæðum sem gilda um vinnutíma sem stofnunin hefur eftirlit með. Jafnframt var ítrekuð sú skylda atvinnurekanda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skv. reglugerð 920/2006 og bent á að taka skuli vinnutíma starfsmanna með í áhættumatið. Einnig var bent á að sérstök ákvæði gilda um vinnu barna og ungmenna varðandi vinnutíma og hvaða verk þau mega vinna og ekki vinna. Voru fyrirtæki í ferðaþjónustu hvött til þess að fara yfir vinnutímamál hjá sér til að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og vinnuskipulag öllum til hagsbóta.

Stórslysavarnir

Stórslysavarnaskyldar starfsstöðvar í landinu eru nú 21 talsins. Það eru vinnustaðir þar sem unnið er með mikið magn hættulegra efna, s.s. eldsneyti, loftegundir, sprengiefni eða eiturefni sem gætu mögulega valdið stórslysi. Stöðvarnar eru flokkaðar í hærri og lægri flokk eftir magni efna. Þær starfsstöðvar, 8 talsin, sem eru í hærri flokknum, þurfa að gera grein fyrir vörnunum í sk. öryggisskýrslum sem eru birtar á heimasíðu Vinnueftirlitsins og eru uppfærðar á 5 ára fresti. Þær þurfa líka að gera neyðaráætlanir um möguleg stórslys fyrir starfsstöðina sjálfa en einnig sérstaka ytri neyðaráætlun fyrir svæðin í kringum fyrirtækið en hún fjallar um viðbrögð nágranna og hvernig slökkvilið og aðrir viðbragðsaðilar koma að verði stórslys sem gæti haft áhrif út fyrir fyrirtækið. Ytri neyðarætlunin er gerð af fyrirtækinu og almannavörnum eða slökkviliði viðkomandi svæðis í samvinnu til þess að tryggja að neyðaráætlunin taki með það sem máli skiptir fyrir viðbragðsaðilana. Allar ytri neyðaráætlanir eru birtar almenningi á heimsíðu Vinnueftirlitsins og uppfærðar reglulega. Frá og með 1.1.2017 mun skrifstofa stórslysavarna, MAHB, hjá ESB birta almenningi upplýsingar um stöðvarnar.

Mörg fyrirtækjanna eru með viðurkennd kerfi s.s. OHSAS 18001 öryggisstjórnunarkerfri og ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi sem þjóna svipuðum tilgangi og stórslysavarnirnar.

Þegar ný iðjuver eru í undribúningi er athugað hvort stórslysahættan af þeim sé ásættanleg fyrir nágrenni væntanlegrar stöðvar og hvernig stórslysavörnum verður háttað áður en starfsleyfi eru gefin og getur þá þurft að taka tillit til allmargra þátta, m.a. landnýtingar, gerða nágrannabyggðar og umhverfis- og byggðaskipulags. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd stórslysavarnanna og metur áætlanir og framkvæmd þeirra, skýrslur og öryggisstjórnkerfi stöðvanna.

Miklar framfarir hafa orðið á síðustu árum í stórslysavörnum hérlendis. Fyrirtækin hafa endurbætt öryggisstjórnkerfin og lagt meiri áherslu á öryggi í sínu starfi. Aukin tækni og betri tækjabúnaður hefur gert rekstur og umsjón nákvæmari og eftirlit auðveldara. Viðbragðsaðilar hafa þróað sínar aðferðir, slökkvilið eru betur búin og aðgangur að slökkvimiðlum fyrir sérhæfð verkefni hefur verið stóraukinn.

Markaðseftirlit

Eftir að EES samningurinn tók gildi 1994 hafa ýmsar tilskipanir ESB sem samræma þær kröfur sem gerðar eru til öryggis varnings innan ESB verið innleiddar með lögum og reglugerðum á Íslandi. Tilgangur þessara tilskipana, er að tryggja samræmdar öryggiskröfur varnings á sameiginlega markaði ESB/EES í því skyni að tryggja öryggi almennings og frjálsan flutning varnings. Markaðseftirlit er sú aðferð sem notuð er til að tryggja að varningur uppfylli þær öryggiskröfur sem gerðar eru til varnings á grundvelli þessara tilskipana og þeirra staðla sem tengjast þeim.

Vinnueftirlitið er ábyrgt markaðseftirlitsyfirvald í skilningi 12 tilskipana ESB en þær hafa það sameiginlegt að varða vörur sem notaðar eru af starfsmönnum við vinnu. Af þessum 12 tilskipunum eru 9 þeirra svokallaðar ‘nýaðferðartilskipanir’. Í stuttu máli þá byggja slíkar tilskipanir á þeirri hugsun að varningur teljist öruggur ef hann er CE-merktur en einungis er heimilt að CE-merkja vöru ef hún er í samræmi við öryggiskröfur viðkomandi “nýaðferðartilskipunar” og viðeigandi Evrópustaðla. Hlutverk markaðseftirlits skv. slíkum tilskipunum er því að tryggja að varningur sem fellur undir þær, sé réttilega CE-merktur að undangengnu áhættu- og samræmismati og að hann uppfylli lágmarkskröfur viðkomandi tilskipunar eins og hún er innleidd hér á landi.

Vinnueftirlitið hefur markaðseftirlit með ýmsum vörum svo sem vinnuvélum, lyftum, ýmiss konar þrýstibúnaði, persónuhlífum, sprengiefni sem notað er til verklegra framkvæmda, úðabrúsum og ýmsum öðrum vörum. Í raun er listinn ótæmandi því búnaðurinn sem heyrir undir þessar reglugerðir er mjög margvíslegur t.d. ýmiss konar tæki og búnaður sem fellur undir reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað (vélatilskipunina). Vinnueftirlitin á hinum Norðurlöndunum hafa samskonar markaðseftirlitshlutverk.

Vinnueftirlitið skráir allar vinnuvélar og lyftur sem fluttar eru inn til landsins. Vinnuvélar = 1.310. Bílalyftur = 86 voru nýskráðar hér á landi en þessar vélar falla undir reglugerð nr. 1005/2009 um vélar og tæknilegan búnað. Fólks- og vörulyftur = 114 nýskráðar á árinu 2015 en þær falla undir reglugerð

nr. 341/2003 um fólklyftur og fólks- og vörulyftur. Við hverja nýskráningu fer fram markaðseftirlit, þ.e. athugað er hvort vélarnar séu réttilega CE-merktar, hvort samræmisyfirlýsing liggi fyrir o.fl. Ef þetta er ekki til staðar þá fá þessar vélar ekki skráningu hér á landi. Einnig er markaðseftirlit að aukast með innlendum framleiðendum véla og tækja.

Almennt er mikið um fyrirspurnir og erindi er tengjast markaðseftirliti, bæði frá öðrum markaðseftirlitsaðilum, frá notendum, samkeppnisaðilum og í gegnum samevrópska RAPEX tilkynningarkerfið sem aðvarar öll ábyrg markaðseftirlitsyfirvöld í ESB/ EES við hættulegum vörum. Tilkynningar úr RAPEX kerfinu berast reglulega og þarf að yfirfara þær og vinna þær RAPEX tilkynningar sem heyra undir verksvið Vinnueftirlitsins.

Eftirlitsátak með sölu á gasgrillum

Markaðseftirlitsátak ársins sneri að gasgrillum. Alls voru skoðuð 120 grill hjá 6 söluaðilum. Kannað var hvort búnaðurinn uppfyllti tilskilin ákvæði m.a. varðandi öryggi og heilsuvernd, CE-merkingar og samræmisyfirlýsingar. Jafnframt var kannað hvort notkunarleiðbeiningar á íslensku fylgdu búnaðinum og hvort leiðbeiningarnar veiti upplýsingar um rétta notkun, viðhald og eftirlit. Öll grillin voru CE merkt, leiðbeiningar á íslensku fylgdu með 67 af 120 sem eru um 56%. Ófullnægjandi leiðbeiningar fylgdu með 53 af 120 eða um 44% voru þær ýmist ófullnægjandi eða þær skorti með öllu. Var dreifingaraðilum veittur frestur til að ráða bót á.

Mynd frá lokahófi golfklúbbs Vinnueftirlitsins „Golver" sem tekin var eftir síðasta mót sumarsins sem haldið var á Kiðjabergsvelli

EFTIRLIT MEÐ VINNUVÉLUM OG TÆKJUM

Í eftirfarandi töflum má sjá fjölda vinnuvéla og tækja, sem skráð voru hjá Vinnueftirlitinu í árslok 2015, og upplýsingar um skoðanir á þeim. Skráðum vinnuvélum fjölgaði um 935 vélar frá árinu 2014. Einnig fjölgaði skráðum tækjum (fólkslyftum, bílalyftum) um 231 tæki.

Skráðar vélar og tæki	**2013**	**2014**	**2015**
Vinnuvélar (67 flokkar mism. véla)	18.612	19.142	20.077
Skíðalyftur (3 flokkar)	57	54	53
Fólks- og vörulyftur (5 flokkar)	3.034	3.156	3.292
Bílalyftur (2 flokkar)	1.557	1.653	1.727
Eimkatlar og þrýstihylki (10 flokkar)	640	644	665
Samtals skráðar vinnuvélar og tæki í árslok	**23.900**	**24.649**	**25.814**

Nýskráðum vinnuvélum/tækjum hefur fjölgað mikið frá fyrra ári og einnig eigendaskiptum.

Vinnuvélar og tæki	**2013**	**2014**	**2015**
Nýskráningar á árinu	621	748	1.509
Skráð eigendaskipti á árinu	**2.996**	**3.555**	**4.638**

Einn aðalþáttur starfsins er eftirlit með vinnuvélum og tækjum. Í eftirlitinu er skoðaður ýmis öryggisbúnaður s.s. hemlar, stýrisbúnaður, stjórntæki, vinnuljós, burðarvirki o.fl. Í töflunni hér á eftir má sjá að stórskoðunum, reglubundnum- og endurskoðunum vinnuvéla og tækja hefur fjölgað á milli áranna 2014 og 2015. Fækkun hefur orðið á öðrum skoðunum en það er vegna þess að með breyttu tölvukerfi (Tækjaveri) þarf ekki lengur að skrá skoðunarskýrslu við nýskráningar og afskráningar véla.

Skoðanir vinnuvéla	**2013**	**2014**	**2015**
Stórskoðun	73	64	80
Reglubundnar skoðanir	14.332	14. 092	14.416
Endurskoðanir	248	94	273
Aðrar skoðanir	1467	702	515
Samtals	**15.921**	**14.952**	**15.284**

Í töflunni hér á eftir sést niðurstaða skoðana, hve margar vélar fá fulla skoðun eða eru án athugasemda, hve margar hálfa skoðun og fjöldi athugasemda. Fjöldi athugasemda og ábendinga hafa aukist frá árinu 2014.

Niðurstöður skoðana	**2013**	**2014**	**2015**
Full skoðun – án athugasemda	13.182	11.220	11.178
Skoðun, ábending	10	1.784	2.024
Hálf skoðun, endurskoðun	300	236	367
Hálf skoðun, tilkynning um úrbætur	1.531	1.409	1.483
Notkun bönnuð/innsiglisaðg.	907	303	232
Samtals	15.930	14.952	15.284
Fjöldi athugasemda	**7.631**	**8.590**	**9.077**

Í eftirfarandi töflu sést hlutfallið á milli skoðunarskyldra vinnuvéla, tækja og skoðana. Hlutfall reglubundinna skoðana vinnuvéla hefur lækkað frá árinu 2014 en starfsmönnum í eftirliti hefur ekki fjölgað í samræmi við fjölgun á vélum og tækjum til skoðunar.

Vinnuvélar til skoðunar	Vélar til skoðunar 2014	Reglub. skoðanir 2014	Skoðunar-hlutfall % 2014	Vélar til skoðunar 2015	Reglub. skoðanir 2015	Skoðunar-hlutfall % 2015
Samtals vinnuvélar	16.708	11.516	**70%**	18.416	11.320	**61%**
Tæki til skoðunar						
Fólks/vöru*/lyftur fyrir hreyfih.	3.106	2.824	91%	3.218	2.928	91%
Bílalyftur*	763	623	82%	832	536	64%
Samtals lyftur	**3.869**	**3.447**	**89 %**	**4050**	**3464**	**86%**
Eimkatlar,þrýstihylki, geymar**	506	153	30%	652	218	33%

* Vöru- bílalyftur eru skoðaðar annað hvert ár. ** Geymar eru skoðaðir þriðja hvert ár.

Skoðunartíðni

Á árinu 2015 tók gildi breyting á fyrstu skoðun nýrra véla í eftirfarandi skráningarflokkum.

EA, EB, EH, EK, FB, FH, GB, GS, HV, IA, IB, ID, IF, II, IM, IS, IT, JV, LD, LS, MM, RB, RM, RS, SA, SB, SD, SE, SF, SH, SM, SN, VH.

Fyrsta reglubundna skoðun nýrra véla fer fram 24 mánuðum eftir skráningu, en var áður 12 mánuðum eftir skráningu, og síðan á 12 mánaða fresti. Fyrsta skoðun á notuðum vélum er óbreytt og fer fram við skráningu og síðan á 12 mánaða fresti.

Nýr staðall

Í byrjun árs 2015 tók í gildi nýr staðall á Íslandi ÍST INSTA 500 -1:2014 en hann fjallar um slysaskráningarkerfi fyrir lyftur, rennistiga og færibönd fyrir gangandi umferð.

IST INSTA 500 -1:2014 er staðall gerður af INSTA lift group INSTA M HISS, sem samanstendur af opinberum aðilum, tilkynntum aðilum og lyftufyrirtækjum (eftirlitsaðilum, þjónustuaðilum) á Norðurlöndum. Staðallinn hefur verð gefinn út á öllum Norðurlöndum.

Í staðlinum eru settar upp leiðir við skráningu upplýsinga um atvik, slys og næstum því slys í lyftum og rennistigum með samræmdum aðferðum til að lýsa og skrá upplýsingarnar. Staðallinn gildir um lyftur sem falla undir reglugerð um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur nr. 341/2003 og reglugerð um vélar og tæknilegan búnað nr.1005/2009.

FYRIRTÆKJAHEIMSÓKNIR OG RANNSÓKN VINNUSLYSA

Heildarfjöldi skoðana og heimsókna í fyrirtæki drósti saman um 10% miðað við 2014. Árið 2015 voru heimsóknir um 25% færri en árið 2011 enda minni mannafli og fjármunir til að sinna eftirlitinu. Er nú svo komið að erfitt er um vik að sinna lögbundnum eftirlitsverkefnum vegna niðurskurðar, einkum þar sem atvinnulífið er komið á fullt skrið aftur eftir niðursveiflu. Má þar sérstaklega nefna vöxt í ferðaþjónustu og í bygginga- og mannvirkjagerð.

Umfang hins almenna fyrirtækjaeftirlits 2011–2015

Flokkun skoðana/verkefna í fyrirtækjaeftirliti	2011 fjöldi	2012 fjöldi	2013 fjöldi	2014 fjöldi	2015 fjöldi
Reglubundið eftirlit - heildstæð grunnskoðun	1152	1092	1196	1010	945
Reglubundið eftirlit – endurskoðanir	29	22	11	12	27
Aðlagað eftirlit – grunnheimsókn	109	78	80	71	27
Aðlagað eftirlit - endurskoðun	1	0	1	0	0
Takmarkaðar skoðanir	854	735	684	676	602
Endurskoðanir vegna takmarkaðra skoðana	9	0	1	17	6
Fjöldi skoðana samtals	**2.154**	**1.927**	**1.973**	**1.786**	**1.607**
Aðrar fyrirtækjaheimsóknir	407	206	267	218	148
Fyrirtækjaheimsóknir samtals	**2.561**	**2.133**	**2.240**	**2.004**	**1.755**
Mælingar og prófanir við eftirlit	184	176	167	111	221
Rannsökuð vinnuslys	155	112	112	145	136

Reglubundnar heildstæðar skoðanir í minni fyrirtækjum drógust saman um 6% miðað við árið á undan. Þær urðu alls 945 en þar af voru skoðanir í landbúnaði 55. Fjöldi grunnheimsókna í aðlöguðu eftirliti drósti verulega saman miðað við undangengin ár. Skýringar á því má helst rekja til áherslu á önnur verkefni og nálgun í eftirliti, m.a. átaksverkefni í fiskiðnaði, aukið eftirlit í byggingariðnaði og sameiginlegt eftirlit eftirlitsstofnana sem er nánar vikið að annars staðar. Jafnframt er stofnunin fáliðuð og nær engan veginn leiðbeinandi evrópskum og alþjóðlegum viðmiðum um fjölda eftirlitsmanna á hverja 10 þúsund starfandi. Viðmið Alþjóðlegu vinnumálastofnunarinnar ILO er 1 eftirlitsmaður á hverja 10 þús. starfandi og hjá Evrópusambandinu 1,1 á hverja 10 þús. starfandi. Hérlendis er fjöldi eftirlitsmanna 0,6-0,7 á hverja 10 þús. starfandi og vantar því verulega upp á að þessum viðmiðum sé náð.

Takmarkaðar skoðanir þar sem sjónum er beint að ákveðnum atriðum á vinnustaðnum drógust saman um 11% miðað við árið 2014 en slíkar skoðanir geta verið vegna slysarannsókna, kvartana, sérstakra átaksverkefna og evrópsku vinnuverndarvikunnar sem haldin er árlega.

Vinnuslys og forvarnir

Fjöldi tilkynntra vinnuslysa árið 2015 voru svipuð og árinu á undan eða 1.979 miðað við 1.951 árið 2014. Rannsökuð vinnuslys voru 136 talsins.

Árið 2015 voru 9,3% á vinnumarkaði erlendir starfsmenn en erfitt er að fá upplýsingar um fjölda erlendra starfsmanna eftir starfsgreinum. Hlutfall erlendra starfsmanna af þeim sem slösuðust á árinu skv. tilkynningum til Vinnueftirlitsins var um 14% þannig að þeir virðast vera í aukinni hættu á að slasast í vinnu. Þegar gert er áhættumat á vinnustaðnum er afar mikilvægt að horfa til þess hvernig vinnuhópurinn er samsettur, m.a. hvort hann er fjölþjóðlegur og hvort töluð eru fleiri tungumál. Mikilvægt er að allir starfsmenn fái viðeigandi fræðslu og þjálfun á tungumáli sem þeir skilja til að koma í veg fyrir vinnuslys. Jafnframt þarf að tryggja öllum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og góðan aðbúnað.

Uppsveifla í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hefur leitt til fjölgunar starfsmanna í þeim geira síðastliðið ár. Fjöldi tilkynntra vinnuslysa í byggingariðnaði hefur aukist umtalsvert síðastliðin tvö ár eftir verulega fækkun á hrunárunum. Vinnueftirlitið vill því brýna fyrir öllum hagsmunaaðilum að huga vel að vinnuvernd, ekki síst öryggismálum og skipulagi vinnunnar við verklegar framkvæmdir. Er það á ábyrgð verkkaupa, hönnuða, verktaka og stjórnenda að samþætta vinnuvernd inn í undirbúning og framkvæmd verka og vanáætla ekki þann tíma og mannafla sem þarf til að vinna verkin.

Samvinna við aðrar eftirlitsstofnanir

Seinni hluta árs var tekin upp samvinna milli opinberra eftirlitsaðila, þ.e. Vinnueftirlits, Vinnumálastofnunar, Ríkisskattstjóra og lögreglu til að vinna gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Stéttarfélög taka einnig þátt í þessari samvinnu. Hlutverk Vinnueftirlitsins er að hafa eftirlit með því að ákvæði laga og reglugerða um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sé framfylgt. Samstarfið er enn í þróun og mótun en óhætt er að fullyrða að það hafi nú þegar skilað umtalsverðum árangri.

Niðurstöður eftirlits í fyrirtækjum

Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir fyrirmæli og ábendingar Vinnueftirlitsins, flokkuð eftir því hvort þau beinast að aðbúnaði, hollustuháttum, öryggi eða öðrum þáttum. Einnig er yfirlit yfir þvingunaraðgerðir en þær geta t.d. falist í að banna tiltekinn búnað, loka vinnustað, banna vinnu eða leggja á dagsektir. Einnig er greint frá kærum til lögreglu.

Fyrirmæli, ábendingar, þvingunaraðgerðir og kærur 2011-2015

Fyrirmæli og ábendingar, þvingunaraðgerðir og kærur	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**
Fyrirmæli um bætta hollustuhætti	920	689	626	493	557
Fyrirmæli um bætt öryggi	1199	1111	1085	918	1188
Fyrirmæli um bættan aðbúnað	242	174	186	133	129
Fyrirmæli um vinnuverndarstarf	1030	951	962	806	782
Önnur fyrirmæli	12	6	6	8	22
Fyrirmæli samtals	**3.403**	**2.931**	**2.865**	**2.358**	**2.678**
Ábendingar um bætta hollustuhætti	210	165	129	168	95
Ábendingar um öryggi	199	175	178	142	116
Ábendingar um bættan aðbúnað	35	19	29	22	12
Ábendingar um vinnuverndarstarf	175	138	122	152	105
Aðrar ábendingar	11	7	14	8	6
Ábendingar samtals	**630**	**504**	**472**	**492**	**334**
Fyrirmæli og ábendingar samtals	**4.033**	**3.435**	**3.337**	**2.850**	**3.012**
Undirbún. dagsekta - andmælaréttarbréf	28*	36*	48*	54*	46*
Ákvörðun um álagningu dagsekta	2	8	7	7	7
Notkun/vinna bönnuð	75	64	80	65	132
Þvingunaraðgerðir samtals	**77**	**72**	**87**	**72**	**139**
Kærur til lögreglu	**4**	**3**	**0**	**2**	**2**

*Reiknast ekki með í samtölu

Heildarfjöldi fyrirmæla í fyrirtækjaeftirliti jókst um tæp 14% árið 2015 þó heimsóknum hafi fækkað, sem þýðir að fleiri fyrirmæli voru gefin í hverri heimsókn en áður. Ábendingum fækkaði hins vegar um rúmlega 30% miðað við árið 2014. Oftast eða í 89% tilvika gáfu eftirlitsmenn fyrirmæli um úrbætur sem fylgt er eftir á kerfisbundinn hátt. Algengust voru fyrirmæli um öryggi sem reyndust vera um 44% allra gefinna fyrirmæla.

Þvingunaraðgerðir í eftirliti

Þvingunaraðgerðum var beitt í 132 tilvikum árið 2015, þ.e. vinna bönnuð eða notkun tækja bönnuð, og er það tvöföldum miðað við árið á undan. Þessa fjölgun má að mestu rekja til hertra aðgerða í eftirliti með byggingariðnaði og með vélum og tækjabúnaði. Taflan hér að neðan varpar ljósi á í hvaða starfsgreinum var algengast að þvingunaraðgerðum væri beitt árið 2015.

Þvingunaraðgerðir árið 2015 – fimm efstu starfsgreinarnar

Starfsgreinar	2015
Bygging og viðgerð mannvirkja	68
Grunnskólar og gagnfræðaskólar	14
Fiskiðnaður; hraðfrystihús, fiskvinnslustöðvar	12
Málmsmíði, vélaviðg., skipasmíði og skipaviðgerð.	6
Trjávöruiðnaður	5

Vinnuverndarstarf fyrirtækja – áhersla á upplýsingar og fyrirmæli

Í stefnu Vinnueftirlitsins 2015-2018 er sérstök áhersla á að efla markvisst vinnuverndarstarf á vinnustöðunum sjálfum. Á árinu 2015 var í eftirlitsheimsóknum lögð rík áhersla á innra vinnuverndarstarf fyrirtækja og að upplýsa og fræða atvinnurekendur og starfsmenn um þau mál. Þessi áhersla endurspeglast einnig í því að tæp 30% allra fyrirmæla í eftirliti árið 2015 sneru að skipulagi vinnuverndarstarfs fyrirtækja, þ.e. gerð áhættumats, kosningu öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða og fræðslu og þjálfun þeirra sem og starfsmanna, og voru það næst algengustu fyrirmælin á eftir öryggi.

Svo skemmtilega vill til að af 61 starfsmönnum Vinnueftirlitsins eru fjórir sem heita Hannes. Talið frá vinstri: Hannes Sigurgeirsson, Hannes Snorrason, Hannes Friðriksson og Hannes Haraldsson. Þeir eru allir eftirlitsmenn.

Stærri hluti fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri hafa á að skipa öryggisvörðum (68%) og öryggistrúnaðarmönnum (70%). Um helmingur fyrirtækja með 10-49 starfsmenn sem hafa á að skipa öryggisvörðum (51%) og öryggistrúnaðarmönnum (53%). Borið saman við 2014 hefur þessum fulltrúum fjölgað um 1%. Markmið stofnunarinnar er a.m.k. 80% fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri verði með vinnuverndarstarf í samræmi við ákvæði laga fyrir árslok 2018. Það felur m.a. í sér að fyrir hendi séu öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir, sem vinna kerfisbundið að því að tryggja gott vinnuumhverfi á vinnustaðnum í samvinnu við atvinnurekandann, sem ber ábyrgð á vinnuumhverfinu. Í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri eiga vera starfandi svokallaðar öryggisnefndir. Mikilvægt er að aðilar sem koma að vinnuverndarstarfinu sæki námskeið til að öðlast þekkingu á vinnuvernd svo starfið verði markvisst og árangursríkt.

Áhættumat – staðan á Íslandi borið saman við önnur lönd Evrópu

Árið 2006 voru ákvæði um skyldu atvinnurekenda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað lögfest í reglugerð. Mikilvægur hluti áætlunarinnar er áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna. Nú tíu árum eftir að reglugerðin tók gildi er staðan þannig samkvæmt gagnagrunni stofnunarinnar að 53% fyrirtækja með 10 starfsmenn eða fleiri hafa gert áhættumat. Í litlum fyrirtækjum með 1-9 starfsmenn er hlutfallið heldur lægra eða 44%. Sjá má hægfara fjölgun frá ári til árs. Þetta stöðumat byggir á eftirlitsheimsóknum sem hafa átt sér stað frá maí 2009, en þá hófst skráning á stöðu áhættumats fyrirtækja.

Í könnun Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar í Bilbao sem birtist árið 2015 (ESENER-2) kom í ljós að 77% fyrirtækja í Evrópu gera áhættumat reglubundið. Ísland var þar í næstneðsta sæti en 44% fyrirtækja hérlendis sögðust gera áhættumat reglulega. Ljóst er að blása þarf til sóknar og þurfa atvinnurekendur taka þessi mál föstum tökum. Til mikils er að vinna því rannsóknir sýna að markviss vinnuvernd skilar miklum ávinningi bæði fyrir vinnustaðinn og starfsmenn.

Vinnueftirlitið leggur áherslu á að þróa verkfæri sem fyrirtæki geta nýtt sér við gerð áhættumats. Nú geta fyrirtæki meðal annars nýtt sér rafrænt gagnvirkt áhættumat á heimasíðu stofnunarinnar við áhættumat starfa á skrifstofum og í veitingahúsum/mötuneytum. Mörg önnur verkfæri er einnig að finna á síðunni. Vinnueftirlitið býður jafnframt upp á sérstök námskeið í gerð áhættumats, sjá nánar á heimasíðu VER.

Mikilvægt er að stjórnendur fyrirtækja marki stefnu í vinnuvernd og hafi hana sem leiðarljós í áðurnefndri áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Á heimasíðu Vinnueftirlitsins er að finna dæmi um vinnuverndarstefnu og sérstakt eyðublað til að auðvelda gerð hennar, sjá www.vinnueftirlit.is. Annað dæmi um vinnuverndarstefnu er svokölluð „núll-slysastefna“ sem nokkur stærri fyrirtæki í byggingastarfsemi og stóriðju hérlendis hafa sett sér með góðum árangri.

Eftirfylgni fyrirmæla - dagsektir

Atvinnurekanda er skylt að sjá til þess að Vinnueftirlitinu sé send tilkynning um úrbætur vegna fyrirmæla sem stofnunin hefur gefið en berist ekki slík tilkynning þrátt fyrir ítrekanir er gripið til þvingunaraðgerða. Stofnunin sendi 46 andmælaréttarbréf vegna fyrirmæla árið 2015 og fækkaði þeim aðeins miðað við árið 2014. Oftast bregðast atvinnurekendur hratt við slíkum bréfum þannig að ekki kemur til álagningar dagsekta eða að andmæli þeirra eru tekin til greina og mál feld niður. Lagðar voru dagsektir á sjö fyrirtæki árið 2015 en þær námu alls um 14,4 milljónum króna.

Hollustuhættir

Í næstu töflu má sjá hvernig skoðunaratriði sem falla undir hollustuhætti skiptast en athugasemdir á því sviði voru 22% allra gefinna fyrirmæla og ábendinga. Á því sviði voru oftast gerðar athugasemdir um efni og efnaáhrif (45%), vinnurými (18%), inniloft (13%) og líkamlegt álag og líkamsbeitingu (12%).

Hollustuhættir flokkaðir eftir skoðunaratriðum árin 2011-2015.

Hollustuhættir - skoðunaratriði	Fjöldi fyrirmæla					Fjöldi ábendinga				
	2011	2012	2013	2014	2015	2011	2012	2013	2014	2015
Efni og efnaáhrif	419	290	305	234	245	72	62	55	65	49
Félagslegur aðbúnaður	22	17	23	25	20	3	5	2	3	0
Hávaði	43	27	15	14	21	21	14	11	9	3
Inniloft	196	110	88	91	74	25	17	17	17	13
Krabbameinsvaldandi efni	3	0	0	0	7	0	0	0	2	0
Líffræðilegir áhættuþættir	1	1	6	4	2	0	0	0	2	0
Lýsing	41	45	18	20	19	14	6	3	11	3
Rafsegulsvið	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0
Titringur	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Verkstöðvar – líkamlegt álag/líkamsbeiting	101	100	74	46	74	21	20	8	12	5
Vinnurými	94	99	97	59	95	53	41	33	46	22
Alls	**920**	**689**	**626**	**493**	**557**	**210**	**165**	**129**	**168**	**95**

Félagslegur aðbúnaður

Margar fyrirspurnir berast Vinnueftirlitinu á ári hverju vegna meints eineltis á vinnustað. Leitast stofnunin við að veita viðeigandi upplýsingar og leiðbeiningar þar að lútandi. Á árinu 2015 bárust stofnuninni 37 formlegar kvartanir um meint einelti á vinnustað en árið 2014 voru slíkar kvartanir 23. Í nokkrum tilvikum bárust kvartanir samtímis frá fleiri starfsmönnum á sama vinnustað þannig að fjöldi vinnustaða sem kvartanir bárust frá hefur ekki aukist eins og fjöldi kvartana segir til um.

Þegar slíkar kvartanir berast fundar Vinnueftirlitið með forráðamönnum og öryggisnefnd vinnustaðarins til að tryggja að forvarnir sem stuðla að góðum félagslegum aðbúnaði séu til staðar, m.a. að vinnustaðurinn hafi gert áhættumat fyrir félagslegan aðbúnað og að fyrir hendi sé viðbragðsáætlun gegn einelti. Kvartanirnar sem slíkar eru ekki teknar til umræðu enda ekki lagaheimild til slíks. Eftir að reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum kom út í lok síðasta árs er jafnframt kannað að til staðar séu forvarnir og viðbragðsáætlun sem tekur til allra þeirra þátta sem reglugerðin nær til, þ.e. einelti, áreitni og ofbeldi.

Á árinu 2015 gaf Vinnueftirlitið 20 fyrirmæli varðandi félagslegan aðbúnað á vinnustað. Þar af voru 10 fyrirmæli vegna þess að áhættumat vegna félagslegra þátta vantaði eða var ófullnægjandi og 10 fyrirmæli vegna atriða sem sneru að samskiptum, einelti, áreitni á vinnustað, upplýsingaflæði og vinnuskipulagi.

Umsagnir og leyfisveitingar

Yfirlit yfir umsagnir og leyfisveitingar árin 2011-2015.

Umsagnir og leyfisveitingar	2011	2012	2013	2014	2015
Umsagnir og starfsleyfi vegna nýrra og breyttra vinnustaða	101	108	131	121	114
Umsagnir vegna gisti- og veitingaleyfa	535	581	855	888	1103
Samtals vegna nýrra og breyttra fyrirtækja	**636**	**689**	**986**	**1009**	**1217**
Umsagnir vegna notkunar varnarefna og eiturefna	22	21	13	14	6
Umsagnir og leyfi vegna innflutnings efna	65	19	0*	0	0
Umsagnir til sýslumanna vegna sprengileyfa til einstaklinga	17	19	33	42	21
Samtals vegna efnanotkunar	**89**	**45**	**19**	**17**	**8**
Aðrar umsagnir	83	39	97	14	38
Umsagnir alls	**808**	**773**	**1102**	**1040**	**1263**

*Verkefnið færðist til Umhverfisstofnunar árið 2013.

Umsögnum vegna gisti- og veitingaleyfa fjölgaði um 20% miðað við árið 2014 sem endurspeglar þann mikla vöxt sem er í ferðaþjónustunni. Ef litið er fimm ár aftur í tímann hefur fjöldi afgreiddra leyfa rúmlega tvöfaldast. Þessi verkefni taka sífellt stærri hluta af vinnutíma starfsmanna á kostnað annarra verkefna, þar sem ekki hefur fengist fjármagn til að bæta við mannafla. Þolmörkum er nú náð og ekki hægt að anna meiri fjölgun umsagna að óbreyttu.

Á myndinni eru þeir Sverrir Gunnlaugssong (t.v.) og Pétur Jónasson úr hugbúnaðardeildinni en myndin var tekin þegar formleg vígsla var á „Tækjaveri" sem er nýtt eftirlitskerfi fyrir vinnuvélar.

ATVINNUSJÚKDÓMAR OG VINNUSLYS

Atvinnusjúkdómar

Alls bárust Vinnueftirlitinu 7 tilkynningar um atvinnusjúkdóma eða meinta atvinnusjúkdóma á árinu 2015. Þessi mál lutu að loftmengun vegna iðnaðarstarfa og minnir á hve mikilvægt er að tryggja að ryk og reykur frá störfum berist ekki frá starfsemi í öndunarfæri starfsmanna. Þá lutu þessar tilkynningar að rakaskemmdum í húsnæði vinnustaðar, en mörg slík mál eru í deiglunni þó fáar tilkynningar um atvinnusjúkdóm berist þess vegna. Það verður að teljast forgangs atriði að unnið sé í því að húsnæði vinnustaða sé þurrt og hreint. Grunnatriði þess er rétt hönnun í upphafi með vandaðri byggingarvinnu og síðan í kjölfarið góð umgengni og viðhald. Þá lutu mál að ofnæmi/ ofurnæmu gagnvart fiskafurðum og er í þessu samhengi afar brýnt að minna á að við matvælaframleiðslu þá úðist ekki prótein í vit starfsmanna. Þá lutu tilkynningar að geðröskun í kjölfar erfiðs sálfélagslegs vinnuumhverfis.

Þessi fjölbreytileiki sem þessar fáu tilkynningar bera með sér undirstrikar hvað hættur í vinnuumhverfi eru margbreytilegar og mikilvægt er að taka á þeim af festu.
Nú er á annað ár unnt að tilkynna rafrænt um atvinnusjúkdóma í gegnum s.k. Sögu kerfi sem sjúkrahús og heilsugæsla notar. Það hefur enn ekki leitt til fjölgunar í tilkynningum. Þá hefur mikil starfsendurhæfingarstarfsemi í landinu, ekki beint hugum heilbrigðiskerfis meira að vinnustaðnum þannig að tilkynningum fjölgi. Miðað við nágranna lönd erum við að fá mjög fáar tilkynningar. Skaðinn af því er augljós, þar sem það sem ekki er skráð er ekki til og því verða viðbrögð í samræmi við það. Þetta kemur því í veg fyrir að heilsuspillandi vinnuumhverfi sé bætt tímanlega.

Banaslys við vinnu

Tvær tilkynningar um banaslys bárust Vinnueftirlitinu á árinu 2015. Önnur þeirra laut að starfsmanni á leið í vinnu sem lést í umferðarslysi en hin tilkynningin laut að bráðu andláti starfsmanns á vinnustað sem var ótengt vinnu hans.

Vinnuslys

Á árinu 2015 var tilkynnt um alls 1981 vinnuslys 1256 karla og 725 konur. Þetta er eins og sjá má í töflunni hér að neðan svipaður fjöldi og s.l. ár en heldur meir en árin þar á undan. Hér þarf að hafa þann fyrirvara að fjöldi tilkynntra slysa getur hækkað þar sem því miður eru einhver fyrirtæki sem senda tilkynningar sýnar þegar langt er umliðið frá slysinu Fjöldi slysa í mannvirkjagerð hefur farið vaxandi á ný s.l. tvö ár, sem endurspeglar væntanlega aukin umsvif. Þessi aukning er þó ekki á neinum skala við það sem sást fyrir 2009. Fjöldi tilkynntra slysa í fiskiðnaði hefur heldur minnkað en þó langtum minna en sem nemur væntingum okkar vegna átaks til fækkunar slysa í greininni. Eins og í fyrri ársskýrslum Vinnueftirlitlisins hefur verið undirstrikað að frá 2011 hefur verið ljóst að þessi geiri ásamt annarri matvælavinnslu er hluti af starfsemi þar sem mörg slys gerast sem mætti með einföldum aðgerðum fækka verulega eða fyrirbyggja alveg. Ljóst er að fiskvinnslan og önnur matvælaframleiðsla sem byggir á gæðastjórnun og aðferðum til að hámarka gæði vörunnar verður að gera kerfisbundið átak til þess að tryggja öryggi sinna starfsmanna við vinnu sína. Opinber stjórnsýsla, þ.m.t lögregla en einnig aðrir innan þess geira tilkynna hins vegar um langflest slys og óhöpp. Staðreynd sem þarf að beinast til Stjórnarráðsins og ekki síst Innanríkisráðuneytis um að krefjast þesss að þeir axlir ábyrgð í að bæta vinnuumverfi sinna starfsmanna og þeirra sem heyra undir opinbera stjórnsýslu.

Vinnuslys tilkynnt til Vinnueftirlitsins eftir kyni og atvinnugrein á undangengnum 5 árum

	2011		2012		2013		2014		2015		
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Alls
Ál- og járnblendiiðnaður	38	5	34	6	36	5	34	4	31	6	199
Bílgreinar	17	0	11	0	27	0	15	0	29	3	102
Bygging og viðgerð mannvirkja (atvinnur.)	101	0	77	2	85	1	123	0	131	2	522
Bygging og viðgerð mannvirkja í eigin þágu	2	0	0	0	1	0	2	0	3	0	8
Efnaiðnaður	8	6	15	6	14	5	8	4	9	9	84
Fasteignar. og þjónusta við atvinnurekstur	31	17	34	22	27	16	31	17	29	16	240
Fiskiðnaður; hraðfrystihús, fiskv.stöðvar	91	59	94	59	126	71	117	81	100	84	882
Fiskiðnaður; síldarsöltun,fiskimj.v. o.fl.	1	1	3	1	0	1	3	0	4	2	16
Fiskveiðar	10	10	15	3	22	2	6	9	10	6	93
Fjarskipta- og póstþjónusta	33	39	33	51	23	34	37	37	37	41	365
Flutningastarfsemi o. fl.	84	10	100	8	91	21	102	26	136	21	599
Framkvæmdir opinberra aðila o. fl.	13	2	18	5	21	12	15	1	19	5	111
Grunnskólar og gagnfræðaskólar	10	35	6	24	1	34	4	29	6	22	171
Götu og sorphreinsun	22	3	20	2	20	3	21	2	24	1	118
Heildverslun	39	21	42	13	41	9	50	20	39	20	294
Landbúnaður	11	7	13	7	15	8	6	4	16	4	91
Matvælaiðnaður; vinnsla landbúnaðarafurða	34	9	50	13	60	23	59	17	46	15	326
Matvælaiðnaður; önnur en vinnsla landb.af.	40	9	23	3	42	11	43	19	31	14	235
Málmsmíði, vélav., skipasmíði og skipav.	107	5	103	1	109	1	127	2	105	2	562
Menningarstarfsemi	6	12	15	15	18	19	8	18	17	15	143
Opinber stjórnsýsla	168	101	161	126	224	122	236	209	225	210	1782
Opinber þjónusta o.fl.	37	113	39	126	34	129	34	108	30	119	771
Óviss starfsemi	24	10	30	23	37	20	65	24	61	26	320
Pappírsvöruiðnaður	6	1	9	1	5	1	1	0	3	2	29
Peningastofnanir	1	4	2	5	1	5	1	4	4	12	39
Persónuleg þjónusta önnur en bílaþjónusta	3	0	8	1	8	3	5	6	4	4	42
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	19	5	19	3	19	0	11	5	10	1	92
Smásöluverslun	20	21	18	19	21	18	28	18	32	23	218
Steinefnaiðnaður	8	1	13	0	13	0	17	0	16	0	68
Trjávöruiðnaður	12	1	8	0	8	0	8	0	9	0	46
Tryggingar	1	5	1	7	0	4	0	3	3	3	27
Varnarliðið og ísl. starfsl. erl. sendir.	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	2
Vefjariðnaður	2	1	4	0	2	0	0	0	5	1	15
Veitinga- og hótelrekstur	16	21	31	32	29	30	25	38	26	36	284
Ýmiss iðnaður og viðgerðir	5	0	4	1	8	2	4	3	6	0	33
Samtals	**1020**	**534**	**1054**	**586**	**1188**	**610**	**1246**	**708**	**1256**	**725**	**8929**

Þegar litið er á alvarleika þessara tilkynninga er áberandi að tilkynningum hefur fjölgað þar sem beinbrot hefur orðið. Þetta þýðir að fjöldi alvarlega atvika í vinnu hefur vaxið en þó ekki mikið meir en í samræmi við heildarfjölgun slysa. Miðað við heildar fjölgun slysa hefði mátt gera ráð fyrir 374 beinbrotum á s.l. ári miðað við árið 2011 en þau urðu 380. Eftir atvinnugreinum þá sveiflast fjöldi slysa í hverri grein allnokkuð milli ára. Þegar litið er á töfluna hér fyrir neðan má horfa til þess að helstu verkefni í forvörnum ættu að vera í opinberri stjórnsýslu og opinberri þjónustu og síðan í iðnaðarstarfsemi ýmiss konar. Hér þarf þó að horfa til þess að hlutfall milli beinbrota og allra slysa er lægst í óvissri starfsemi, fasteignar. og þjónusta við atvinnurekstur, bygging og viðgerð mannvirkja (atvinnur.) eða lægra en 4. En það þýðir að fyrir hver 4 slys sem tilkynnt eru þá er eitt beinbrot. Á hinum enda skalans er veitinga- og hótelrekstur, fiskiðnaður; hraðfrystihús, fiskv.stöðvar og matvælaiðnaður; vinnsla landbúnaðarafurða en þar eru 7 slys eða fleiri fyrir hvert beinbrot á þessu fimm ára tímabili. Þetta undirstrikar að horfa þarf til margra þátta þegar forgangsraðað er í vinnuslysavörnum.

Tilkynningar um vinnuslys þar sem beinbrot hefur orðið eftir kyni og ári. (Atvinnugrein tiltekin ef fleiri en 15 hafa brotnað á árabilinu í viðkomandi grein)

	2011		2012		2013		2014		2015		
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Alls
Opinber stjórnsýsla	20	23	24	18	30	14	30	41	27	51	278
Opinber þjónusta o.fl.	7	21	8	30	3	36	6	19	4	39	174
Bygging og viðgerð mannvirkja (atvinnur.)	27	0	26	0	23	0	33	0	28	0	137
Fiskiðnaður; hraðfrystihús, fiskv.stöðvar	20	7	13	4	25	13	17	7	15	2	123
Málmsmíði, vélav., skipasmíði og skipav.	26	0	27	0	18	0	21	1	26	0	119
Flutningastarfsemi o. fl.	21	2	19	2	10	2	18	6	22	1	103
Óviss starfsemi	5	1	11	11	9	6	24	8	18	9	102
Fasteignar. og þjónusta við atvinnurekstur	11	2	11	4	9	6	10	2	10	1	66
Heildverslun	9	4	6	2	16	1	7	3	7	2	57
Fjarskipta- og póstþjónusta	3	6	3	7	3	7	7	6	8	6	56
Matvælaiðnaður; önnur en vinnsla landb.af.	6	3	4	1	5	3	8	1	6	8	45
Smásöluverslun	3	4	3	5	4	2	3	4	8	4	40
Veitinga- og hótelrekstur	4	1	5	3	4	4	6	7	3	3	40
Landbúnaður	8	3	5	3	3	3	3	1	7	3	39
Grunnskólar og gagnfræðaskólar	0	9	1	5	0	7	1	9	0	4	36
Menningarstarfsemi	1	1	1	4	5	5	0	4	6	3	30
Ál- og járnblendiiðnaður	4	1	6	2	7	2	5	0	2	0	29
Matvælaiðnaður; vinnsla landbúnaðarafurða	3	2	1	2	6	0	4	2	2	4	26
Fiskveiðar	2	2	2	1	6	0	1	2	5	2	23
Götu og sorphreinsun	4	0	1	0	5	0	6	0	4	0	20
Bílgreinar	3	0	2	0	8	0	1	0	5	0	19
Framkvæmdir opinberra aðila o. fl.	0	0	4	0	5	3	2	1	3	0	18
Efnaiðnaður	2	1	1	1	4	1	2	0	2	3	17
Steinefnaiðnaður	2	1	2	0	2	0	5	0	4	0	16
Trjávöruiðnaður	2	1	4	0	1	0	4	0	3	0	15
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	1	3	4	1	3	0	1	1	1	0	15
Samtals	**198**	**100**	**198**	**110**	**221**	**120**	**228**	**127**	**235**	**152**	**1690**

Orsakir vinnuslysa

Orsakir vinnuslysa eru fjölþættar. Hér vísast til þess þáttar sem beint olli líkamstjóni. Þrátt fyrir að vinnuslys séu algengari meðal karla en kvenna þá eru fallslys á jafnsléttu algengari meðal kvenna en karla. Þá eru það karlar sem falla úr hæð eða klemmast í vélum. Þetta undirstrikar að vinnumarkaður er kynskiptur að verulegu leiti en jafnframt að áhættur eru mögulega ekki sambærilegar fyrir kynin. Þá er rétt að vekja athygli á liðnum ofraun á líkama sem er slys þegar eitthvað brestur í líkamanum vegna of mikil álags eða byrði. Þetta er vinnuslys samkvæmt skilgreiningu um vinnuslys en hér verða oft deilumál í tryggingum þar sem þetta er ekki slys vegna skyndilegs utan að komandi þáttar. Tryggja þarf að tryggingarvernd hér sé fullnægjandi þannig að þeir sem slasist séu sem minnst háðir atvikalýsingu í slysatburði þegar kemur að bótum. Þetta tryggir rétt aðila sem og tryggir að hagur er alltaf ótvíræður af réttri lýsingu á slysaatburði.

Orsakir vinnuslysa eftir kyni og árum

		2011	2012	2013	2014	2015
Högg	Karlar	299	304	359	386	378
	Konur	119	147	153	161	167
Klemmdist, festist í vél	Karlar	134	114	160	133	127
	Konur	38	27	39	47	49
Fall á jafnsléttu	Karlar	136	180	174	211	233
	Konur	181	207	213	260	266
Fall af hærri stað	Karlar	143	133	147	180	164
	Konur	57	52	63	55	64
Hvass, beittur hlutur	Karlar	122	150	174	152	151
	Konur	58	56	55	73	71
Ofraun á líkama	Karlar	47	55	62	74	52
	Konur	38	32	32	47	33
Hiti eða kuldi	Karlar	20	24	16	26	31
	Konur	17	12	16	16	15
Rafstraumur, rafblossi	Karlar	6	2	3	4	8
	Konur	0	0	0	2	0
Hættuleg efni og efnasambönd	Karlar	28	19	30	29	21
	Konur	6	8	6	17	9
Annað	Karlar	125	141	145	144	173
	Konur	65	84	84	85	82

Orsakavaldar vinnuslysa lýsa því hvaða þáttur það er í vinnuumhverfinu sem er valdur að slysinu. Það er sem fyrr áberandi að lykil þáttur þessa er vinnusvæði almennt talað. Í þessu samhengi vegur góð umgengni mestu í slysavörnum. Síðustu tvö árin hefur umfang þessara slysa vaxið án efa í takt við meiri atvinnuþátttöku.

Orsakavaldar vinnuslysa eftir kyni og árum í tilkynntum vinnuslysum

		2011	2012	2013	2014	2015
Iðnaðarvélar	Karlar	91	80	117	80	93
	Konur	23	22	30	29	33
Vinnuvélar (kranar, gröfur, lyftarar o.þ.h.)	Karlar	71	72	102	91	116
	Konur	13	7	13	12	15
Dráttarvélar, bú- og garðyrkjuvélar	Karlar	10	18	9	8	11
	Konur	2	1	0	1	0
Handverkfæri	Karlar	109	149	145	148	122
	Konur	47	40	48	55	60
Lyftur og búnaður til að lyfta fólki	Karlar	7	7	7	13	12
	Konur	4	7	0	4	3
Katlar, þrýstihylki, geymar o.þ.h.	Karlar	5	3	8	7	6
	Konur	0	0	1	1	1
Vinnusvæði (m.a. verkpallar, stigar, þök, hált yfirborð)	Karlar	253	253	248	317	303
	Konur	173	173	183	167	203
Efni og efnasambönd	Karlar	31	19	34	31	18
	Konur	7	8	7	18	9
Vörur, efni og hlutir (hrun, skriður o.þ.h.)	Karlar	76	65	101	69	85
	Konur	30	18	27	18	23
Rafbúnaður	Karlar	7	2	11	10	14
	Konur	3	2	2	3	2
Menn	Karlar	91	87	116	101	104
	Konur	71	77	77	108	97
Dýr	Karlar	12	17	15	11	14
	Konur	13	17	14	14	12
Annað	Karlar	267	290	318	388	369
	Konur	155	221	221	286	276

Líkamsáverkar

Líkamsáverkar í tilkynntum slysum á umliðnum árum hafa verið með nokkuð svipuðum hætti frá 2011. Tognanir ýmiss konar eru áfram algengustu áverkarnir og er mikilvægt að hafa í huga að nokkur hluti þeirra eru tognanir sem í eðli sínu geta leitt til varanlegs tjóns. Sérstaklega á þetta við um tognanir á hálsi og baki. Við hjá Vinnueftirtitinu höfum miðað við beinbrot sem mælikvarða á umfang alvarlegustu áverka á vinnumarkaði. Fjöldi þeirra hefur okkur virst stöðugur fram undir s.l. ár en þá hefur orðið töluverð fjölgun á beinbrotum kvenna en í fyrra brotnuðu 150 konur samanborið við 100 konur árið 2011. Það er því nokkuð ljóst að okkur er ekki að takast að berjast gegn alvarlegum slysum sem skyldi og kallar það á að við sem samfélag horfum með nýjum og ferskari hætti á baráttuna gegn vinnuslysum.

Tegundir líkamsáverka eftir kyni og árum (ath einstaklingur getur haft fleiri en einn áverka)

		2011	2012	2013	2014	2015
Innvortis blæðing	Karlar	135	134	166	169	176
	Konur	64	69	80	93	101
Útvortis blæðing	Karlar	240	250	278	274	278
	Konur	82	90	98	114	111
Missir líkamshluta	Karlar	26	9	20	15	18
	Konur	1	2	2	6	3
Tognun, liðhlaup	Karlar	327	318	365	380	428
	Konur	213	216	226	258	265
Beinbrot	Karlar	198	198	221	228	235
	Konur	100	110	120	127	152
Bruni	Karlar	32	39	32	36	43
	Konur	18	14	20	21	17
Kal	Karlar	0	0	0	1	1
	Konur	0	0	0	0	1
Æting	Karlar	14	14	13	20	11
	Konur	4	2	5	11	5
Eitrun	Karlar	13	6	11	7	1
	Konur	2	2	0	0	1
Annað	Karlar	196	214	232	249	251
	Konur	115	136	131	140	150
Óskráð gögn	Karlar	0	4	19	30	8
	Konur	1	5	6	20	4

Vinnuslys eftir aldri og stöðu

Vinnuslys eru sem fyrr algengust meðal fólks yngri en 30 ára og hópurinn 19 til 24 ára, þeir sem eru að stíga sín fyrstu reglulegu skref á vinnumarkaði, er sá hópur þar sem flestir slasaðir eru árið 2015. Þá eru börn sem slasast í vinnu fleiri en 60. Þetta er þrátt fyrir lög um vinnu barna og ungmenna og skilyrði um nýliða fræðslu. Vinnuveitendur verða að axla ábyrgð og við sem samfélag að tryggja ungu fólki og nýliðum öruggt vinnuumhverfi, því hætt er við að þessir einstaklingar venjist því sem fyrir þeim er haft. Hér þarf að innræta núllslysasýn.

Tilkynnt vinnuslys eftir árum kyni og aldri.

Aldur		2011	2012	2013	2014	2015
0-18	Karlar	54	49	54	49	45
	Konur	21	35	19	24	16
19-24	Karlar	121	163	168	173	166
	Konur	67	79	82	101	98
25-29	Karlar	140	126	145	137	158
	Konur	45	46	55	61	76
30-34	Karlar	116	115	160	175	128
	Konur	37	53	57	56	67
35-39	Karlar	105	113	125	118	127
	Konur	40	49	50	57	64
40-44	Karlar	83	100	119	120	128
	Konur	49	52	52	64	56
45-49	Karlar	92	101	105	104	106
	Konur	64	52	67	71	66
50-54	Karlar	95	95	98	121	117
	Konur	83	64	76	87	90
55-59	Karlar	96	78	104	110	106
	Konur	67	90	68	90	96
60-64	Karlar	77	76	78	100	103
	Konur	45	46	59	65	72
65-69	Karlar	34	31	27	35	59
	Konur	15	20	25	29	22
70+	Karlar	7	7	5	4	13
	Konur	1	0	0	3	2

Þegar horft er til stöðu þá eru um helmingur allra slasaðra ófaglærðir Þetta rímar við þann stóra fjölda ungs fólks sem er að byrja á vinnumarkaði. Þetta minnir á að þekking og reynsla á eðli verks, áhættu og hættum því tengdu er nauðsynleg til þess að verkið verið unnið vel og af fullu öryggi. Það er gæðamál að tryggja að góð þekking sé til staðar og nauðsynlegt að tryggja menntun og endurmenntun á vinnumarkaði. Með því er unnið gott starf á öruggan hátt.

Tilkynnt vinnuslys eftir stöðu, ári og kyni

		2011	2012	2013	2014	2015
Atvinnurekandi	Karlar	40	39	37	33	34
	Konur	10	9	6	10	5
Verkstjóri, annar stjórnandi	Karlar	104	93	81	123	115
	Konur	47	34	40	53	54
Embættis- eða skrifstofumaður	Karlar	27	18	32	29	25
	Konur	22	30	29	35	41
Faglærður launþegi/nemi	Karlar	314	312	398	420	409
	Konur	120	148	174	209	200
Ófaglærður launþegi	Karlar	469	529	581	593	605
	Konur	308	341	336	381	390
Annað - hvað?	Karlar	66	62	55	46	40
	Konur	27	24	25	19	25
Samtals		**1556**	**1639**	**1794**	**1951**	**1943**

Tilkynning vinnuslysa

Oft kemur það fyrir að atvinnurekendur skili ekki inn tilkynningum um vinnuslys til Vinnueftirlitsins eins og skylt er að gera skv. 1.-2. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Er nauðsynlegt að atvinnurekendur tilkynni vinnuslys til stofnunarinnar svo hægt sé að halda uppi nákvæmri tölfræði um vinnuslys í landinu og koma í veg fyrir að slík slys endurtaki sig, t.d. með rannsókn Vinnueftirlitsins á orsökum þess. Oftast kemst Vinnueftirlitið að því að tilkynning hefur ekki borist, við samanburð á tilkynningum sem berast Sjúkratryggingum Íslands, en einnig kemst Vinnueftirlitið að slíku eftir ábendingar frá lögreglu. Þegar svo vill til þá sendir stofnunin viðkomandi fyrirtæki bréf þar sem það er áminnt um lagaskyldur sínar og þess krafist að það skili inn tilkynningu. Ef atvinnurekandi bregst ekki við þá er send ítrekun. Ef atvinnurekandi bregst ekki við ítrekun Vinnueftirlitsins þá fer málið til lögfræðilegrar meðferðar innan stofnunarinnar og eru lagðar á dagsektir, fyrst er þó atvinnurekanda veittur andmælaréttur í samræmi við stjórnsýslulög. Yfirleitt bregðast atvinnurekendur vel við umleitunum Vinnueftirlitsins og var einungis eitt fyrirtæki sektað vegna misbrests á því að tilkynna um vinnuslys 2015.

Þvingunaraðgerðir	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**
Bréf þar sem krafist er að vinnuslys sé tilkynnt	104	*	197	702
Ítrekanir	6	*	30	177
Veiting andmælaréttar	5	1	1	16
Ákvörðun um álagningu dagsekta	1	0	0	1

* Upplýsingar ekki tiltækar

Rannsóknir

Rannsóknir hjá Vinnueftirlitinu árið 2015 markast af því að einvörðungu tveir starfsmenn koma að hefðbundnum rannsóknum og báðir að hluta. Þær hafa þennig ekki náð sér á strik eftir niðurskurð í kjölfar efnahagsþrenginganna 2008.

Hægt er að kynna sér niðurstöður rannsókna, sem lokið er, á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, undir hlekknum Rannsóknir.

1. Unnið var sem fyrr lítillega áfram með þjóðarúrtaksgögnum sem safnað hefur verið í samvinnu við Lýðheilsustöð á árunum 2007 og 2009. Sérlega er horft til verkefna sem lúta að sálfélagslegu vinnuumhverfi og heilsu starfsfólks.
2. Unnið var áfram að rannsóknum á afleiðingum af hruni bankanna, á starfsmenn þeirra, í samvinnu við Háskóla Íslands, Samtök starfsfólks í fjármálafyrirtækjum og dönsku rannsóknarstofnunina í vinnuvernd (Den nationale forskningscenter i arbejdsmiljö). Greinar hafa verið birtar í vísindatímaritum á sviði vinnuverndar og niðurstöður kynntar á málþingum og ráðstefnum.
3. Þá birtist loka afrakstur vinnu á árinu um forgangsröðun á sviði lýðheilsu geðheilbrigðismála sem unnið var í fjöl evrópsku samstarfsneti. Það er von að slík vinna nýtist við að auka veg rannsókna á félagslegu vinnuumhverfi fólks og áhrifa þeirra á heilsu.

Birtar greinar

1. A. K. Forsman, K. Wahlbeck, L. E. Aaro, J. Alonso, M. M. Barry, M. Brunn, G. Cardoso, M. Cattan, G. de Girolamo, M. Eberhard-Gran, S. Evans-Lacko, A. Fiorillo, L. Hansson, J. M. Haro, J.-B. Hazo, U. Hegerl, H. Katschnig, S. Knappe, M. Luciano, M. Miret, M. Nordentoft, C. Obradors-Tarrago, D. Pilgrim, T. Ruud, H. J. Salize, S. L. Stewart-Brown, Kristinn Tómasson, C. M. van der Feltz-Cornelis, D. B. J. Ventus, J. Vuori, A. Varnik, and also on behalf of the ROAMER Consortium, "Research priorities for public mental health in Europe: recommendations of the ROAMER project," Eur J Public Health. 2015 Apr;25(2):249-54 http://eurpub.oxfordjournals.org/content/25/2/249.long
2. Snorradottir A, Tomasson K, Vilhjalmsson R, Rafnsdottir GL. The health and well-being of bankers following downsizing: a comparison of stayers and leavers. Work, employment and society 2015, Vol. 29(5) 738– 756 http://wes.sagepub.com/cgi/reprint/29/5/738.pdf?ijkey=3-XWPdKNdkaUO756&keytype=finite

Viðurkenningar til þjónustuaðila og sérfræðinga í vinnuvernd

Í ágúst 2012 var gefin út reglugerð um viðurkenningu þjónustuaðila og sérfræðinga sem veita atvinnurekendum þjónustu við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum, reglugerð nr. 730/2012.

Viðurkenning til sérfræðinga til að gera áætlanir um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum skiptist í fimm undirsvið áhæuttuþátta, þ.e. andlega- og félagslega þætti, hreyfi- og stoðkerfi, umhverfisþættir, vélar og tæki og efnafræðilega þætti. Við mat á viðurkenningum er metið á hvaða sviði viðkomandi hafi sérþekkingu og er mögulegt að veita viðurkenningu á fleiri en einu sviði. Árið 2015 bárust umsóknir vegna viðurkenningar sérfræðinga í vinnuvernd frá 13 einstaklingum og þar af voru 6 einstaklingar viðurkenndir sem sérfræðingar á árinu. Þrjár umsóknir voru samþykktar en umsækjendur hlutu ekki viðurkenningu þar sem þeir höfðu ekki lokið námsskeiði sem Vinnueftirlitið gat viðurkennt. Í 4 tilfellum bárust ekki fullnægjandi gögn með umsókn þannig að þær umsóknir voru ekki metnar.

Viðurkenningar sérfræðinga eftir sviðum skiptist þannig að 1 fékk viðurkenningu á sviði hreyfi- og stoðkerfis, 3 á sviði andlegra og félagslegra þátta, 4 á sviði umhverfisþátta, 3 á sviði véla og tækja og 2 á sviði efnaþátta.

Viðurkenning þjónustuaðila er ýmist heildstæð og getur þjónustuaðilinn þá gert áætlanir um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum á öllum fimm undirsviðum áhættuþátta, annars er viðurkenningin takmörkuð við þá áhættuþætti sem þjónustuaðili getur sinnt. Árið 2015 bárust 4 umsóknir þjónustuaðila vegna viðurkenningar við gerð áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum. Viðurkenningar voru veittar 4 þjónustuaðilum með viðurkenningu á takmörkuðum sviðum.

FRÆÐSLU OG UPPLÝSINGASTARF

Vinnuverndarnámskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði

Vinnueftirlitið heldur tveggja daga námskeið um vinnuvernd fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði og aðra þá sem hafa áhuga á vinnuverndarmálum og vilja bæta hjá sér vinnuumhverfið. Námskeiðið er á kostnað atvinnurekanda, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ávinningur af námskeiðinu er stóraukin þekking á vinnuverndarmálum og tækifæri til að bæta hjá sér vinnuumhverfið, fækka slysum og veikindadögum og stuðla almennt að betri líðan starfsmanna.

Alls voru haldin 25 vinnuverndarnámskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði á árinu, þar af voru 17 í Reykjavík. Námskeiðum í Reykjavík fjölgar á milli ára um sex en námskeiðum á landsbyggðinni fækkar um eitt. Námskeiðin fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði á vinnustöðum eru haldin um allt land, allt eftir óskum og þörfum.

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir:	2012		2013		2014		2015	
	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.
Reykjavík	10	236	12	290	11	206	17	473
Landsbyggðin	10	131	9	111	9	106	8	149

Námskeið um gerð áhættumats starfa

Námskeið um áhættumatsgerð er einn þáttur í fræðslu- og kynningarstarfi Vinnueftirlitsins en á undanförnum árum hefur verið mikil áhersla á gerð áhættumats í fyrirtækjum. Samkvæmt reglugerð um vinnuverndarstarf á vinnustöðum (nr. 920/2006) er fyrirtækjum skylt að gera – eða láta gera, áhættumat á störfum starfsmanna á vinnustaðnum.

Námskeiðum í gerð áhættumats fækkaði um eitt í Reykjavík miðað við árið áður en haldin voru fimm námskeið þar en ekkert á landsbyggðinni. Þátttakendum fækkar einnig á milli ára. Á námskeiðunum voru að meiri hluta stjórnendur á vinnustöðum en einnig öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir, starfsmannastjórar í fyrirtækjum og svo almennir starfsmenn.

Áhættumat starfa	2012		2013		2014		2015	
	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.
Reykjavík	10	141	5	47	6	62	5	44
Landsbyggðin	4	69	1	8	1	6	0	0

Réttindanámskeið

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla eru haldin reglulega á vegum Vinnueftirlitsins. Eftir bóklegt nám taka nemendur próf sem veitir leyfi til að fara í verklega þjálfun hjá leiðbeinanda sem til þess hefur réttindi. Námskeiðum og þátttakendum hefur fjölgað frá árinu 2014. Í töflunni hér á eftir má sjá fjölda námskeiða og þátttakenda síðustu þrjú árin.

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla	2013		2014		2015	
	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.	Námsk.	Þáttt.
Frumnámskeið	35	696	35	732	34	734
Byggingakrana	4	28	4	40	4	43
Önnur vinnuvélanámskeið	51	612	34	444	59	796
Samtals	90	1.336	73	1.216	97	1.573

ADR – námskeið: Réttindanámskeið fyrir flutning á hættulegum farmi á vegum.

Á Evrópska efnahagssvæðinu og þ.m.t. á Íslandi eru í gildi svokallaðar ADR-reglur um flutning á hættulegum farmi á vegum. Til að öðlast réttindi til að flytja hættulegan farm á vegum á Íslandi og annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa ökumenn að sitja sérstök réttindanámskeið. Allir þurfa að sitja þriggja daga grunnnámskeið sem veitir réttindi til stykkjavöruflutninga fyrir utan flutninga á sprengifimum farmi og geislavirkum farmi. Þá er boðið upp á þrenns konar framhaldsnámskeið, tveggja daga námskeið til að öðlast réttindi til að flytja hættulegan farm í tönkum, eins dags námskeið til að mega flytja sprengifim efni og eins dags námskeið til að fá réttindi til að flytja geislavirk efni.

Meginmarkmið námsins er að gera stjórnendum ökutækja grein fyrir hættunni sem fylgir flutningi á hættulegum farmi og kenna nauðsynleg grundvallaratriði til að draga eins mikið og verða má úr slysahættu. Einnig er markmiðið að kenna ökumönnum hvernig bregðast skuli við ef slys verður, til að verja sjálfan sig og umhverfið og draga úr áhrifum slyssins. Fjallað er um hvað er hættulegur farmur, undanþágur, skilgreiningar, flokkun farms í hættuflokka, pökkunarákvæði, fylgiskjöl, fylgibúnað, merkingu ökutækja og almenn flutningsákvæði. Þá er fjallað um hvern einstakan hættuflokk fyrir sig, hvaða hættur eru tengdar flutningi og hvaða sérákvæði gilda um viðkomandi flokk.

ADR-námskeið	2014		2015	
	Fj. námskeiða	Fj. þátttakenda	Fj. námskeiða	Fj. þátttakenda
Grunnnámskeið	8	113	9	116
Endurmenntunarnámskeið	10	42	5	35
Framhaldsnámskeið	13	105	15	112
Endurmenntun v. framhaldsnámskeiða	16	55	9	29

Asbestnámskeið 2015: Fjöldi námskeiða: 6, fjöldi þátttakenda: 52,

Fjölgun hefur orðið á útgáfu vinnuvélaskírteina en fækkun verklegra prófa á milli áranna 2014 og 2015. Taflan hér á eftir sýnir fjölda verklegra prófa og útgefinna skírteina síðustu þrjú ár.

Verkleg próf og útgefin skírteini	2013	2014	2015
Útgefin vinnuvélaskírteini	3.001	2.343	2.447
Endurútgáfa	487	495	607
Samtals	**3.488**	**2.838**	**3.054**
Verkleg vinnuvélapróf	3.675	6.103	5.852

Fyrirlestrar í háskólum

Fyrirlestrar eru haldnir reglubundið hjá háskólunum, t.d. hjá félagsvísindaskor Háskóla Íslands, námskeiðið: Vinnuvistfræði og félagslegir áhættuþættir I og II. Einnig sjá starfsmenn Vinnueftirlitsins um kennslu fyrir nema í iðjuþjálfun og hjúkrunarfræði við heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, og svo eru einnig haldin ýmis námskeið fyrir Endurmenntun Háskóla Íslands og nema í véla-, iðnaðar-, bygginga- og umhverfisverkfræði hjá HÍ.

Heimasíða Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is

Heimsóknir á vef Vinnueftirlitsins sýna nokkuð reglulegt mynstur, með áþekkum fjölda heimsókna yfir vinnuvikuna en um helgar eru heimsóknir um 20% af hefðbundnum vinnudegi. Heimsóknir haldast nokkuð stöðugar fyrstu sex mánuði ársins en upp úr miðjum júní fer þeim fækkandi fram að Verslunarmannahelginni en eftir það fer þeim fjölgandi aftur og ná sér á strik í byrjun spetember. Svo tekur við ákveðinn stígandi fram að Vinnuverndarvikunni í október en um viku síðar fara þær aftur í ársmeðaltalið og svo fer þeim fækkandi upp úr miðjum desember.

Á árinu 2015 voru fjórir toppar í heimsóknum á vefinn, sá fyrsti varð 27. maí, annar varð 10. ágúst, þriðji varð 26. ágúst og sá fjórði varð 11. september. Ekki var um neina stóra atburði að ræða þessar dagsetningar sem skýra þennan fjölda heimsókna.
Alls komu 40.960 notendur í 75.022 heimsóknir og skoðuðu 241.571 síðu á vefnum. Meðal heimsóknin varði í tvær og hálfa mínútu og 44% gesta létu duga að skoða efnið á forsíðunni. 86% gesta notuðu tölvu til að skoða vefinn en það er um 12% fækkun frá fyrra ári. 10% notaði farsíma en það er 72% aukning frá fyrra ári. 4% notuðu spjaldtölvur en það er rétt tæplega 4% aukning frá fyrra ári.
Fimm mest skoðuðu síðurnar voru:

- Forsíðan
- Fræðsla
- Reglur og reglugerðir
- Áhættumat
- Lög, reglur og staðlar







Útskýringatexti
Tölfræðin um kyn og aldur gesta er ekki 100% nákvæm vísindi en gefur samt einhverja vísbendingu út frá þeim gögnum sem fást frá Google Analytics.

Nú getum við í fyrsta skipti borið saman tvö heil ár í heimsóknum, þ.e. 2014 og 2015, en vefurinn fór í loftið um mitt ár 2013. Gestum fjölgaði um 23% á milli ára og komu þeir 16% oftar í heimsókn. Fimm mest skoðuðu síðurnar eru þær sömu og í fyrra en *Reglur og reglugerðir* ásamt *Áhættumati* hækka sig um eitt sæti hvor á meðan *Lög, reglur og staðlar* fellur um tvö sæti.

Útgáfa

Heimasíður opinberra stofnana hafa smám saman verið að leysa af hólmi pappírs útgáfu fræðsluefnis, myndbandasöfn og sérfræðibókasöfn þeirra. Fólk beinir sjónum í síauknum mæli að veraldarvefnum þegar leita skal upplýsinga en á móti dregur hratt úr eftirspurn eftir útgefnu efni á pappírsformi og myndbandaspólum eða diskum.

Stór hluti af útgáfuefni Vinnueftirlitsins er gefinn út í netútgáfu. Slíkt efni er hægt að nálgast á heimasíðu Vinnueftirlitsins.

Útgáfa á árinu 2015 var fyrst og fremst efni til nota á námskeiðum s.s. vinnuvélabækurnar sem notaðar eru í réttindanámi á vinnuvélar.

Fræðslu- og leiðbeiningarit:

Nr. 34 Vinna í hæð - Fallvarnir (2015)



Aðrar leiðbeiningar

Leiðbeiningar um vinnu við hjólbarða, samsettar felgur og felgur með láshring (2015)

Önnur útgefin gögn

Ársskýrsla Vinnueftirlitsins fyrir árið 2014

Dreifibréf gefin út á árinu

- Dreifibréf vegna Oddgeirs hausara
  - Dreifibréfi til forsvarsmanna fiskvinnslufyrirtækja. - Gefið út 30. september 2015.
- Dreifibréf til veitinga- og gististaða og annarra sem málið varðar
  - Mikill vöxtur er í ferðaþjónustu um þessar mundir og hefur mannaflaþörf aukist því samfara. - Af þessu tilefni vill Vinnueftirlitið vekja athygli veitinga- og gististaða á þeim ákvæðum sem gilda um vinnutíma en stofnunin hefur eftirlit með því að þeim sé fylgt - Gefið út 17. júlí 2015
- Bygginga- og mannvirkjagerð - Áherslur í eftirliti
  - Dreifibréf til verktaka og verkkaupa í bygginga- og mannvirkjagerð og annarra sem málið varðar - Gefið út 6. júlí 2015
- Hertar aðgerðir vegna öryggis hjá fyrirtækjum í fiskvinnslu
  - Dreifibréf til forsvarsmanna fyrirtækja í fiskvinnslu - Gefið út 11. júní 2015
- Markaðseftirlit með tækjum sem brenna gasi
  - Dreifibréf til söluaðila tækja sem brenna gasi - Gefið út 14. apríl 2015

Staðreyndablöð

Vinnuverndarstofnun Evrópu (OSHA Europe) gefur reglulega út svokölluð staðreyndablöð (e. Fact Sheets) um ýmsa efnisþætti vinnuverndar. Staðreyndablöðin eru þýdd á íslensku og eru birt á heimasíðunni jafnóðum og þau berast.

- Nr. 56 - Hávaði við vinnu
- Nr. 57 - Afleiðingar hávaða á vinnustað
- Nr. 58 - Hávaðavarnir
- Nr. 62 - Ungt starfsfólk og öryggismál - hollráð fyrir verkstjóra
- Nr. 63 - Ungt starfsfólk og öryggismál - hollráð fyrir foreldra
- Nr. 64 - Öryggi ungs starfsfólks á vinnustað
- Nr. 65 - Rétturinn til öryggis og heilbrigðis á vinnustað - hollráð fyrir ungt fólk
- Nr. 66 - Að greina hættur á vinnustað - hollráð fyrir ungt fólk
- Nr. 99 - Örugg viðhaldsvinna innan landbúnaðar
- Nr. 100 - Legionella gerillinn og hermannaveiki

ÁTAKSVERKEFNI

Vinnuverndarvikan 2015

Slagorð átaksins 2014 – 2015 var:
Góð vinnuvernd vinnur á streitu



Streita á vinnustöðum

Streita á vinnustöðum var þema vinnuverndarvikunnar árin 2014 og 2015. Hér er tilvísunin til óhóflegrar streitu en streita felur í sér viðbrögð okkar við álagi. Byggt á þeirri skilgreiningu þá felur streita ekki endilega í sér neikvæða hættu með neikvæðum afleiðingum, en í mæltu máli þá erum við öllu jöfnu að vísa til óhóflegrar streitu.
Streita hefur í áranna rás vísað meir og meir til álags vegna tímaþrengsla, skipulags og samskiptamála á vinnustöðum. Þetta leiðir til þess að aðrir þættir sem kalla á streituviðbrögð hjá okkur fá minni athygli. Streita vegna viðvarandi slysahættu eða hættu af völdum efna eða eðlisfræðilegra þátta er ekki síður mikilvæg en streita sem er orsökuð af fyrrnefndum þáttum. Streita er til þess fallin að auka líkur á heilsutjóni af ýmsu tagi. Streita er áhættuþáttur fyrir sjúkdóma í hreyfi og stoðkerfi, sem og geðsjúkdóma. Geðsjúkdómar koma margir hverjir fram snemma á ævinni, en sjúkdómar í hreyfi og stoðkerfi upp úr miðjum aldri. Það er ekki að undra að þessir tveir sjúkdóma flokkar séu ábyrgir fyrir tveimur þriðja til þremur fjórða hluta forfalla af vinnumarkaði í hinum vestræna heimi.
Streita og streitutengdir sjúkdómar valda miklu tjóni í samfélaginu. Fyrst og fremst er það vegna verri heilsu og vanlíðanar einstaklings. Í þessu samhengi er gott að minnast þess að óhófleg streita ef hún veldur ekki sjúkdómi þá er hún til þess fallinn að gera veikindin verri.

Á myndinni eru Inghildur Einarsdóttir, Focal Point fulltrúi Íslands hjá Vinnuverndarstofnun Evrópu og Eyjólfur Sæmundsson forstjóri.
NAPO sem stendur á milli þeirra er frægur „vinnuverndarfulltrúi" í Evrópu og leikur aðalhlutverk í teiknimyndum um vinnuvernd sem koma út árlega í tilefni af vinnuverndarvikunum.

„Stjórnun streitu og andlegrar- og félagslegrar áhættu á vinnustöðum“ var yfirskrift ráðstefnu vinnuverndarvikunnar 2015

Ráðstefnan var haldin í Gullteigi á Grand Hóteli Reykjavík, fimmtudaginn 22. október kl. 13-16. Ráðstefnan var öllum opin og aðgangur ókeypis. Bein útsending var frá ráðstefnunni á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Streita fyrirfinnst á öllum vinnustöðum en með einföldum aðgerðum er hægt að draga mikið úr henni. Leiðbeiningar fyrir starfsfólk og stjórnendur til að draga úr vinnutengdri streitu voru gefnar út í tilefni vikunnar. Hvatt er var notkunar á einföldum notendavænum gátlistum til hjálpar við að draga úr streitu.

Starfsmenn Vinnueftirlitsins eru þarna að undirbúa ráðstefnu vinnuverndarvikunnar 2015 á Grand Hótel.

Helstu markmið:

- Bæta skilning á vinnutengri streitu og andlegum og félagslegum áhættum
- Efla stjórnun á þessum áhættum
- Fyrirbyggja neikvæð áhrif streitu
- Veita starfsmönnum og atvinnurekendum stuðning og leiðbeiningar
- Hvetja til notkunar á tiltækum verkfærum til að bæta andlegt og félagslegt vinnuumhverfi

Tenglar á nýlegar rannsóknir:

- Ásta Snorradóttir og Margrét Þorvaldsdóttir (2011) Líðan, heilsa og vinnuumhverfi starfsfólks í fjármálafyrirtækjum 2011. Reykjavík, Vinnueftirlit ríkisins
- Ásta Snorradóttir. (2011) Óöryggi í starfi – ólík upplifun kvenna og karla? Í Ólafs, H., Björnsdóttir, H. og Ásgeirsdóttir, Á.G. (Ritsjórar). Rannsóknir í félagsvísindinum XII. (bls 79-90). Reykjavík: Félagsvísindastofnun – Háskólaútgáfa
- Ásta Snorradóttir (2009) Líðan, heilsa og vinnuumhverfi starfsfólks í bönkum og sparisjóðum. [skýrsla]. Reykjavík, Vinnueftirlitið, 2009

Ráðstefna um streitu og hávaða haldin á Akureyri

Vinnueftirlitið, Háskólinn á Akureyri og Kennarasamband Íslands stóðu fyrir sameiginlegri ráðstefnu miðvikudaginn 30. september kl. 9 – 12.

Í tilefni vinnuverndarvikunnar var ákveðið að halda ráðstefnu utan Reykjavíkur þannig að tvær ráðstefnur voru haldnar og verður það markmiðið í framtíðinni. Á þessari fyrstu ráðstefnu vinnuverndarvikunnar utan Reykjavíkur var til umfjöllunar streita og hávaði á vinnustað í anda þemu vikunnar. Fjallað var um skaðlegan hávaða í vinnuumhverfi, hvernig hávaði veldur einstaklingum heilsutjóni t.d. streitu, hvaða reglugerðir og mælingar við höfum til viðmiðunar og hvernig unnt er að fyrirbyggja skaðsemi hávaða í vinnuumhverfi.

Ákveðið var að byrja á Akureyri en síðan verða ráðstefnur haldnar árlega vítt og breitt um landið. Ráðstefnan var haldin í Háskólanum á Akureyri, var opin öllum og aðgangur ókeypis.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afhendir Ásgeiri Margeirssyni forstjóra HS Orku forvarnarverðlaun VÍS.

Forvarnarráðstefna VÍS og Vinnueftirlitsins

Forvarnarráðstefna VÍS og Vinnueftirlitsins var haldin í sjötta sinn þann 12. febrúar á Hilton Reykjavík Nordica. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Engar afsakanir í öryggismálum.

HS Orka hf. hreppti Forvarnarverðlaun VÍS 2015 sem afhent voru á forvarnaráðstefnunni. Forvarnarverðlaun VÍS eru veitt fyrir framúrskarandi forvarnir og öryggismál og er HS Orka þar í fremstu röð. Jafnframt fengu Verkís hf. og Faxaflóahafnir sf. viðurkenningu frá VÍS fyrir góðan árangur í forvörnum og öryggismálum.

Heimsókn til Danmerkur

Starfsmenn Vinnueftirlitsins fóru í heimsókn í höfðustöðvar danska vinnueftirlitsins og í rannsóknarstofnunina dönsku 17. apríl 2015

Forstjórinn bauð 43 starfsmenn Vinnueftirlitsins velkomna. Starfsmenn eftirlitsins kynntu okkur starfssemina og umræður voru í kjölfarið. Eftir hádegið var farið í dönsku rannsóknarstofnunina og tóku forstjórinn og starfsmenn á móti Vinnueftirlitinu og fluttu fyrirlestra og fróðleik, en í lokin voru fyrirspurnir og umræður. Heimsóknirnar í stofnanirnar tvær voru í alla staði mjög upplýsandi og gagnlegar og vel tekið á móti Vinnueftirlitinu.

SAMSTARF VINNUEFTIRLITSINS VIÐ ÝMSAR STOFNANIR O.FL.

Vinnueftirlitið hefur skipulegt samstarf um ýmiss konar verkefni er varða vinnuvernd, stórslysavarnir o.fl. við margar almannastofnanir samanber upptalningu að neðan

Innlent samstarf

- Samvinna við Vinnumálastofnun, Ríkisskattstjóra, lögreglu og stéttarfélög gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Verkefni Vinnueftirlitsins í samstarfinu snúa að eftirliti með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum.
- Samtarf við VÍS um undirbúning, stjórnun, erindi og þátttöku í sameiginlegum ráðstefnum.
- Vinnuhópur fulltrúa velferðarráðuneytisins, Vinnueftirlitsins, samtaka aðila vinnumarkaðarins um breytingar á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Þátttaka í vinnustofu vegna leyfisveitinga í ferðaþjónustu.
- Þátttaka í stjórn Byggingarstaðlaráðs.
- Þátttaka í Lagnafélagi Íslands og tengiliður við Lagnakerfamiðstöð Íslands.
- Samvinna við Byggingafulltrúann í Reykjavík
- Samvinna við Mannvirkjastofnun og Ríkislögreglustjóra um stórslysavarnir
- Samvinna við Neyðarlínuna varðandi vinnuslysaútköll
- Samvinna við Orkustofnun um rannsóknir
- Samvinna við slökkvilið og lögreglu um efnageymslur og flutning
- Samvinna við samtök á vinnumarkaði um vinnuvernd
- Samvinna við Samgöngustofu um flutning á efnum o.fl.
- Samvinna við Umhverfisstofnun um stórslysavarnir, efnavarnir o.fl.
- Vinna með verkefnishóp á vegum velferðarráðuneytis um notendastýrða persónulega aðstoð. Leiddi af sér verkfæri til að gera áhættumat fyrir þessa þjónustu sem nú er að finna á heimasíðum Vinnueftirlitsins og velferðarráðuneytisins.
- Þátttaka í verkefnahóp sem innanríkisráðuneytið setti á laggirnar til að vinna að umbótum í mansalsmálum og endurskoðun aðgerðaráætlunar gegn mansali.

Erlent samstarf

Norrænt samstarf

- Þátttaka í norrænu vinnuverndarnefndinni árið 2015.
- Þátttaka í norrænu verkefni um eftirlitsaðferðir með félagslegum aðbúnaði á vinnustöðum. Verkefninu lauk 2014 og var skýrsla gefin út fyrri hluta árs 2015, sem er að finna á heimasíðu NMR.
- Reglubundnir samráðsfundir forstjóra Vinnueftirlita á Norðurlöndum.

Evrópskt samstarf (á grundvelli EES samningsins)

- Samstarf við fulltrúa annara Vinnueftirlita vegna OiRA verkefnis á vegum ESB.
- Evrópska samstarfsnefndin um varnir gegn meiriháttar efnaslysum, "Seveso Committee". Nefndin starfar að samræmingu forvarna og framkvæmdar löggjafar á þessu sviði og heldur utan um gagnagrunna um skráningarskyldar starfsstöðvar og slys og óhöpp sem verða.
- Vinnuverndarstofnun Evrópu í Bilbao á Spáni. Meginviðfangsefnin eru að vera öflugur samstarfsvettvangur á sviði vinnuverndar, standa fyrir herferðum til að auka vitund fólks og miðla upplýsingum, þróun verkfæra sem nýtast við forvarnir og greining og rannsóknir til þekkingaröflunar og miðlunar. Ísland hefur þrjú áheyrnarsæti í stjórn stofnunarinnar (Vinnueftirlitið, SA og ASÍ) en Vinnueftirlitið er jafnframt tengiliður stofnunarinnar á Íslandi í gegnum svo kallað"Focal Point" net en það samanstendur af fulltrúum frá ESB ríkjunum og EFTA ríkjunum, einn frá hverju landi.
- Ráðgjafarnefnd framkvæmdastjórnar ESB um vinnuvernd, ACSH. Starf hennar felst í virkri þátttöku í stefnumótun og löggjafarstarfi ESB sem og gerð leiðbeininga um túlkun og framkvæmd löggjafar (tilskipana). Ísland á þrjú áheyrnarsæti í nefndinni (Vinnueftirlitið, SA og ASÍ).

Starfsmenn í ferð til Vestmannaeyja. Myndin er tekin um borð í Herjólfi. Frá vinstri: Guðmundur Kjérulf, Leifur Gústafsson, Hannes Snorrason og Ágúst Ágústsson.

- Samstarfsnefnd vinnueftirlita ESB og SLIC. Nefndin vinnur að samræmingu og þróun eftirlits með vinnuaðstæðum innan ESB/EES. Hún stendur m.a. fyrir sameiginlegum átaksverkefnum og faglegum úttektum á starfi einstakra eftirlitsstofnana.

Annað erlent samstarf

- Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO. Stofnunin stendur fyrir gerð alþjóðasamþykkta og tilmæla til stjórnvalda, m.a. á sviði vinnuverndar. Nokkrar slíkar samþykktir hafa verið fullgiltar hér á landi. Vinnueftirlitið hefur ekki tekið beinan þátt í þessu starfi um nokkurra ára skeið, en fylgst er með því sem fram fer.

- Efnaöryggisnefnd OECD. Vinnueftirlitið á aðild að nefndinni sem hefur það markmið að efla forvarnir gegn efnaslysum. Nefndin hefur m.a. staðið fyrir ráðstefnum þar sem lærdómur er dreginn af slysum sem orðið hafa og þróað verkfæri til forvarna (t.d. “OECD safety performance indicators”).